



**ÞINGGERÐ
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS**



34. ÁRSPING



34. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið að Löngumýri í Skagafirði 7.-8. maí 1994.

SETNING ÞINGS

Kolbeinn Pálsson formaður KKÍ tók til máls og bað þingfulltrúa að minnast Sigurðar Vals Halldórssonar körfuknattleiksdómara, sem lést skömmu fyrir þingið, með einnar mínútu þögn.

Að því búnu bauð Kolbeinn viðstadda velkomna á þingið og þakkaði Tindastólmönnum og Skagfirðingum fyrir undirbúning þingsins. Kolbeinn bauð Hermann Sigtryggsson stjórnarmann í framkvæmdastjórn ÍSÍ velkominn á þingið. Kolbeinn minntist síðan á auknar vinsældir íþróttarinnar og fagnaði aukni álagi á leikmenn, stjórnarmenn og aðra tengda körfuboltanum.

1. KOSNING ÞINGFORSETA

Kolbeinn stakk upp á Erling Erni Péturssyni sem 1. þingforseta og bauðst til að taka sjálfur sæti 2. þingforseta eins og venja er og var það samþykkt.

Þingforseti, Erling Örn Pétursson tók við stjórn þingsins.

2. KOSNING ÞINGRITARA

Pétur Hrafn Sigurðsson var kosinn 1. þingritari og Björn Leósson 2. þingritari.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Kjörbréfanefnd:

Einar Bollason, Ragnar B. Sigurðsson, Þórarinn Thorlacius.

Fjárhagsnefnd:

Ólafur Rafnsson, Sverrir Hjörleifsson og Guðfinnur Friðjónsson.

Allsherjarnefnd:

Gísli Georgsson, Bjarni Steinarsson og Jóhann Ingólfsson.

Laga og leikreglanefnd:

Hrannar Hólm, Ragna Baldursdóttir og Ólafur Hauksson.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Kolbeinn Pálsson flutti skýrslu stjórnar: Hann sagði að síðastliðið ár hefði verið mjög annasamt og álag á stjórnarmenn hefði verið mikið. Hann þakkaði stjórnarmönnum og nefndarmönnum dugmikið starf. Kolbeinn ræddi einnig ýmis atriði sem fram koma skýrslu stjórnar og nefnda í Ársskýrslu KKÍ. Hann vék sérstaklega að frammistöðu dómara í úrslitakeppninni og hrósaði þeim mjög. Kolbeinn hvatti einni til áframhaldandi uppbyggingar kvennaliða og sagðist vonast til að í framtíðinni myndum við eignast kvennalandslið sem gæti tekið þátt í sterkum mótum svo sem Evrópukeppni. Einnig

minntist hann á árangur drengjalandsliðsins og sagði hann hafa orðið til þess að á okkur væri nú hlustað innan veggja FIBA. Hann þakkaði Axel Nikulássyni frábær störf með liðið. Hann þakkaði einnig félögnum, stjórnarmönnum og starfsmönnum mikið starf sem unnið hefur verið. Hann þakkaði einnig Einari Bollasyni og Stöð 2 fyrir þeirra hlut í útbreiðslu íþróttarinnar. Hann sagði að rétt væri að stefna að því að körfuboltinn væri orðin næst vinsælasta íþrótt landsmanna eftir þrjú ár og sú vinsælasta eftir fimm ár. Hann sagði að nú væri þeim tveimur árum lokin sem hann hefði verið kjörinn til formennsku og hann hefði ætlað að láta af formennsku. Honum hefði hinsvegar snúist hugur og ætlaði að gefa áfram kost á sér til formennsku.

Þingforseti þakkaði Kolbeini fyrir skýrsluna og gaf stutt kaffihlé. Að svo búnu gaf hann Einari Bollasyni formanni kjörbréfanefndar orðið.

Einar Bollason lýsti störfum nefndarinnar og sagði að kjörbréfin hefðu verið mjög misjöfn að stærð og gæðum. Hann minntist á hvað teldust lögleg umboð, en tók fram að öll umboð sem fram hefðu komin teldust lögleg. Þó mætti vanda meira til við gerð þeirra. Hann las síðan upp nöfn þeirra fulltrúa sem hefðu atkvæðisrétt og bað þá að rísa úr sætum um leið og nöfn þeirra væru lesin.

Íþróttabandalag Akureyrar

	Umboð
Kjartan Bragason	Einar Viðarsson
Hrannar Hólm	Þorgils Sævarsson

Körfuknattleiksráð Reykjavíkur

Axel Nikulásson	
Elínborg Guðnadóttir	Kristín Sigurðardóttir
Einar Bollason	
Gísli Georgsson	
Gústaf Gústafsson	
Helgi Bragason	Hafðis Helgadóttir
Guðmundur Sigurgeirsson	
Hörður Gunnarsson	
Jón Bender	
Kolbeinn Pálsson	
Kristinn Stefánsson	
Rönvaldur Hreiðarsson	
Sigurður Pétursson	
Sigvaldi Ingimundarson	
Pétur Hrafn Sigurðsson	
Pétur Hólmsteinsson	Jóhannes Sveinsson
Þorvaldur Karl Helgason	
Sófus Guðjónsson	
Þórður Kolbeinsson	

Héraðssamband Þingeyinga

Rúnar B. Gíslason

Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýslu

Grétar Pálsson
Gyða Steinsdóttir

Óðinn Benediktsson
Baldur Þorleifsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Bjarni Steinarsson
Ragnheiður Gizzurardóttir
Sólrun Rafnsdóttir
Jón Finnsson

Anna Steinsen
Einar Þór Skarphéðinsson
Indriði Jósafatsson
Ragnar Már Steinsen

Íþróttabandalag Akraness

Ragnar B. Sigurðsson
Elínbjörn Magnúsdóttir

Ólafur Óskarsson
Lárus Guðjónsson

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Ólafur Hauksson
Ingvar Jóhannsson

Íþróttabandalag Keflavíkur

Jón Ben Einarsson
Erla Sveinsdóttir

Jón Ólafsson
Guðmundur B. Kristinsson

Íþróttabandalag Suðurnesja

Ólafur Þór Jóhannsson
Þórunn S. Jóhannsdóttir
Guðfinnur Friðjónsson
Ólafur Eyjólfsson
Hermann Jakobsson
Guðmundur Ellertsson

Eyjólfur Guðlaugsson
Ellert Magnússon
Sveinbjörn Ægir Ágústsson
Jenný Magnúsdóttir
Haraldur Jakobsson
Július Valgeirsson

Ungmennasamband Kjalarnesþings

Þórarinn Guðmundsson
Hannes Jónsson
Haukur Hauksson
Björn Leósson

Jóhann Árnason
Sævar Guðbergsson
Linda Ágústdóttir
Gunnar Viðar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Ingvar Kristinsson
Sverrir Hjörleifsson
Samúel Guðmundsson

Hálf dán Markússon

Skúli Sigurðsson
Sigtryggur Ásgrímsson

Brynjar Indriðason

Ungmennasamband Skagafjarðar

Lýður Skarphéðinsson
Jóhann Ingólfsson
Magnús Svavarsson
Jóhanna Björnsdóttir
Erling Örn Pétursson
Þórarinn Thorlacius
Ragnheiður Baldursdóttir
Hrönn Pétursdóttir
Kári Marisson

Þingforseti gaf því næst Hermanni Sigtryggssyni stjórnarmanni í ÍSÍ orðið.

Hermann Sigtryggsson lýsti yfir ánægju að vera kominn út í sveitina með þingfulltrúum og fannst það vel til fundið að þinga á stað sem Löngumýri. Hann sagðist hafa æft körfubolta á sínum yngri árum og í dag kastaði hann enn í körfu með dóttursyni sínum. Hann flutti kveðju forseta ÍSÍ, stjórnarmanna og starfsfólks ÍSÍ. Hann óskaði KKÍ til hamingju með þá miklu grósku sem í íþróttinni er. Hann sagði að KKÍ væri þegar orðið næst stærsta sersambandið innan ÍSÍ, ef tekið væri tillit til fjölda leikja. KKÍ væri þar komið yfir HSÍ og hefði þurft þó nokkuð til að svo yrði. Hann talaði um gott unglिंगastarf og lítið brottfall í íþróttinni. Hann fagnaði hringferð um landið undir stjórn Axels og Jóns Kr. og fannst það vel til fundið. Því næst kom hann inná stofnun Íþróttta fyrir alla og fagnaði stuðningi KKÍ við ÍFA. Hann sagði ánægjulegt að niðurstöðutölur reikninga væru réttu megin við strikið og fagnaði því mjög. Loks kom Hermann að tölvukerfi ÍSÍ, sem tilbúið verður í byrjun júní. Hann vildi beina því til aðildarfélaganna að taka þátt í því frá byrjun. Skattamál bar næst á góma í máli Hermanns og sagði hann nýja herferð komna af stað hjá Skattrannsóknarstjóra. Hann hvatti félög til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum þetta ár og síðasta ár og þá væri lítil hætta á að kafað yrði dýpra. Því næst hvatti hann félögin til þess að hafa hæfa, vel menntaða þjálfara við störf. Hann vildi ekki láta hjá líða að minnast á bréf varðandi unglिंगadrykkju. Stjórn ÍSÍ hefði áhyggjur af því hve unglिंगadrykkja hefði færst niður. Gæta yrði að unglिंगunum og koma í veg fyrir að unglिंगar leiddust út í drykkju og óreglu. Að lokum sagðist Hermann vona að góð tengst yrðu milli KKÍ og ÍSÍ og mikilvægt væri að menn vissu hvað hinir í hreyfingunni væru að gera. Hann sagði að skilningur væri nú fyrir því innan íþróttahreyfingarinnar, að stjórn ÍSÍ væri að vinna eins og hún ætti að vinna, en væru ekki í filabeinsturni. Hann hvatti menn til að notafæra sé þjónustu skrifstofu ÍSÍ og gista á Sport Hótelinu á ferðum sínum í Reykjavík. Einnig hvatti hann menn til að reka áróður fyrir Íslenskum Getraunum og Íslenskri Getspá, mjólkurkúm íþróttahreyfingarinnar. Hann sagði að endurskoðun á lögum ÍSÍ stæði yfir og hún yrði rædd á þingi ÍSÍ í haust. Í ár væri ár íþróttanna og Ólympíuhugsjónarinnar, ár fjölskyldunnar og lýðveldisár. Nú væri tími til að stíga á stokk og strengja heit.

Þingforseti þakkaði Hermanni fyrir ávarp sitt og gaf Kolbeini Pálssyni formanni KKÍ orðið.

Kolbeinn þakkaði Hermanni einnig og skýrði frá því að velta KKÍ hefði verið rúmar 32 milljónir og hagnað upp á 256.424 kr. Hann sagði að KKÍ hefði stutt það að Íþróttir fyrir alla kæmu inn í ÍSÍ og óskað hefði verið eftir samstarfi við þá strax í upphafi. Öll mót og keppni á þeirra vegur væri unnin í samvinnu við KKÍ. Kolbeinn sagði að KKÍ-menn hefðu verið mjög óhressir með styrkveitingar úr afreksmannasjóði, einkum til unglíngalandsliðanna sem hefðu kostað KKÍ mjög mikið. Hann sagði að KKÍ hefði fengið 400 þúsund frá afreksmannasjóði vegna þessara verkefna og taldi að meira hefði átt að koma. Kolbeinn sagði að gott samstarf hefði verið við starfsmenn ÍSÍ, en KKÍ saknaði tveggja starfsmanna sem því miður hefðu hætt störfum, þeir Karl Guðmundsson og ekki síst Jón Erlendsson. Þeir hefðu haft mikla reynslu og þótt starfslið ÍSÍ væri gott í dag, vantaði ef til vill þá reynslu sem þessir menn bjuggu yfir. Kolbeinn þakkaði Hermanni fyrir að hafa komið á þingið og bað hann fyrir kveðju til forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórnar og starfsfólks.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar.

Einar Bollason skýrði frá útgáfumálum NBA-Körfunnar og samstarfinu við NBA. Hann sagði að blaðið væri nú prentað í 4 þúsund eintökum, stefnt væri að 6 tölublöðum á þessu ári og þegar hefðu komið út þrjú. Áskriftaráttak hefði skilað blaðinu yfir 2 þúsund áskrifendum, lausasalan væri á annað þúsund og salan hefði farið fram úr björtustu vonum. Markaður væri fyrir þetta kynningarblað og málagn okkar. Markið væri sett á eitt þúsund nýja áskrifendur í sumar með 3 á 3 ferðinni um landið og síðan nýtt áttak í árslok. Markið væri sett á 4 þúsund áskrifendur í ársbyrjun 1995 og lausasölu á annað þúsund. Upplagið yrði 6 þúsund blöð 48-56 síður og 8 tölublöð. Þetta væri ef til vill bjartsýni, en ekki óraunhæft. Einar sagðist verða að monta örlítið af blaðinu og sagði að á fundi með NBA-mönnum hefði ritstjóri NBA HOOP, Alex Sachare, haft orð á því að okkar blað væri næst glæsilegasta HOOP blað sem gefið væri út í heiminum. Það besta væri það ástralska, en þeirra eigið blað teldu þeir koma númer fimm. NBA-menn hefðu lýst mikilli ánægju með uppsetninguna á blaðinu. Einar þakkaði Birni Leóssyni frábært starf í þeim málum og einnig Prentsmiðju G. Ben. Einar bauð Axel Nikulásson velkominn til starfa og sagði að verkefni hans í sumar yrði 3 á 3, sem Einar sagði að ef vel til tækist gæti hringferðin orðið mesta markaðsátak körfuboltans frá upphafi. Það væri alveg ljóst að þessi "götubolti" næði til unglínganna. Reyndar yrði ekki alltaf leikið úti, það færi eftir veðri. NBA yrði ekki með í keppninni í sumar, en stefnt væri að mikilli hátíð (Jam Session) í Laugardalshöll fyrstu helgina í september. Þar væri stefnt að eitt þúsund keppendum víðs vegar að af landinu. Þar yrðu kynningarbásar félaga og söluvarningur ýmiss konar. Þar yrðu menn frá NBA, þar á meðal 1-2 leikmenn, en nöfn þeirra lögju ekki fyrir. Samstarf við Stöð 2 og Bylgjuna yrði varðandi keppnia, beinar útsendingar og upptökur. Ef þetta tækist vel væri stefnt að þar næsta væri farið út í beinhardt samstarf við NBA, sem kostaði meiri stuðningsaðila. Varðandi annað samstarf við NBA sagði Einar að aukið samstarf Körfuknattleikshreyfingarinnar, NBA og Stöðvar 2 stæðu fyrir dyrum. Þau mál væru á viðkvæmu stigi, en um merkilega hluti væri að ræða sem fært gæti körfuboltahreyfingunni ómældar tekjur. Stefna NBA væri að vinna að útbreiðslu körfuboltans í gegnum samböndin í hverju landi. Einar skýrði frá því að velta NBA á söluvarningi á ári væri um þreföld fjárlög íslenska ríkisins. Að lokum skýrði Einar frá því Stöð 2 hefði gert nýjan samning við NBA til þriggja ára um NBA-leik vikunnar, NBA-Action og nýjan þátt, NBA Inside Stuff, sem sendur verður út einu sinni í viku á

Stöð 2 allt árið. Síðan yrðu sýndir sérstakir leikir fyrir keppnistímabil og ýmsir sérþættir og fl. Beinar útsendingar yrðu frá undanúrslitum deildarinnar í vor. Hann sagði að eftir því sem fleiri beinar útsendingar yrðu frá körfubolta, þeim mun fleiri byrjuðu í körfubolta eða héldu áfram í körfubolta.

Ingvar Kristinsson byrjaði á því að óska stjórninni til hamingju með skýrsluna og benti á að gefa mætti út veglegri skýrslu á glanspappír með litmyndum úr starfinu. Hann sagði að stjórnin hefði lagt áherslu á útbreiðslu íþróttarinnar og fjölgun liða. Hann sagði að það væri hálfgerð vandræðaástand að koma öllum liðum fyrir á æfingum, en það stæði til bóta með nýju íþróttahúsi á Ásvöllum eftir nokkur ár. Hann sagði að útgáfumál sambandsins væru í miklum blóma um minntist á Körfuna, Jordan-bók, myndbandi og fl. Hringferðin í sumar væri mikið og þarft átak og eins hátíð í byrjun september. Samkeppni um athygli fólksins væri mikil, margt annað væri í boði. Síðan kom Ingvar að hugmyndinni um stofnun eignarhaldsfélags og sagði hana góða. Haukar hefðu því miður ekki getað lagt fram hlutafé, en ekki ætti að afskrifa hugmyndina algjörlega. Þátttaka í Evrópukeppni væri mikil fjárhagsleg áhætta og því miður ekki mikill áhugi á leikjunum hér heima. Kostnaðurinn væri mikill og erfitt að fá fjármagn á móti. Haukar hefðu gert margt til að vekja athygli fjölmiðla á keppninni, en árangurinn hafi orðið dapur. Haukar myndu verulega velta fyrir sér næst þegar þeim stæðu til boða að taka þátt, hvort af því yrði. Slæmt væri að geta ekki leikið báða leikina erlendis þar sem FIBA takmarkaði það. FIBA yrði að reyna að aðstoða félög frá jaðarsvæðum til þátttöku og gott ef rödd Íslands væri farin að heyrast á þessum vettvangi. Nýtt skipulag þyrfti svo íslensk lið gætu tekið þátt í keppninni.

Kolbeinn Pálsson sagði að samstarf við NBA hefði verið gott og hann hefði verið stoltur að sitja til borðs með æðstu yfirmönnum NBA og stoltur af því að kynna sænsku fulltrúana fyrir starfsmönnum NBA. Hann sagði með ólíkindum hvað Hauki Haukssyni og Einari Bollasyni hefði tekist að koma okkur í samstarf við þessa aðila og taldi að aðeins stærstu þjóðir hefðu slík sambönd. Varðandi orð Ingvars um þátttöku í Evrópukeppni sagði hann hana fjárhagslegt vandamál. Hann sagði að í samtölum við Kotleba hefði komið fram að FIBA hefði gert samning við annað markaðsfyrirtæki og ætlaði að margfalda tekjur sínar á næstu árum. Þær tekjur myndu síðan dreifast á félögin, eins og í knattspyrnunni þar sem Íslandsmeistarar fá sendar "sex milljónir" og bikarmeistarar "4 milljónir" þannig að Evrópusambandið gæti í framtíðinni vonandi aðstoðað félög frá löndum eins og Íslandi við þátttöku. Sérstaða okkar yrði sérstaklega skoðuð í þessu sambandi.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ byrjaði á því að óska Tindastólsmönnum til hamingju með allan undirbúning þingsins og tók undir orð Ingvars að vanda mætti betur til gerðar árskýrslunnar. Ólafur fylgdi reikningum sambandsins úr hlaði og sagði fjárhag sambandsins mjög viðunandi, skuldir nánast engar og eiginfjárstaða einhver. Tekist hefði að lækka áralanga yfirdráttarskuld og greiða upp bankaskuldir í formi vixla og skuldabréfa. Hagnaður þriðja árið í röð ætti að vera fagnaðarefni, en hann sagðist vera langt frá því að vera ánægður. Hann sagðist margoft hafa lýst þeirri skoðun sinni að sjálfstæðar fjáraflanir umfram rekstur landsliða og fræðslustarfs séu alls ekki hlutverk stjórnar KKÍ. Hann sagðist hafa reynt að ná eyrum manna fyrir sameiginlegum

aðgerðum á sviði fjárhagsmála. Körfubolti og afurðir tengdar honum veltu hærri fjárhæðum hér á landi, en margir gerðu sér grein fyrir. Sem dæmi spurði hann þingheim hvort menn gerðu sér grein fyrir því fyrir hve háar fjárhæðir NBA-körfuboltamyndir voru seldar hér á landi á síðast ári? Sú upphæð hafi verið 60 milljónir króna. Hann sagði að hér væri nánast um brúttóveltu allra úrvalsdeildarfélaganna að ræða samanlagt. Hann spurði að því fyrir hve háa fjárhæð Byko og Húsasmiðjan seldu af körfum, úti sem inni? Hvað hala sportvöruverslunir inn á alls kyns varningi og svo ekki sé minnst á einstaklinga sem eru að selja þennan varning? Hvað má ætla að íslenski skómarkaðurinn velti á ári? Hann sagðist ekki hafa svör við þessu en tölurnar væru háar. Ólafur sagði að Jordan-bókin sem KKÍ réðst í um síðustu jól hefði orðið sjötta vinsælasta bókin á markaðnum. Hún hefði skilað umtalsverðum tekjum, en einstök félög hefðu staðið sig illa og KKÍ hefði misst af 3 milljóna kr. tekjum. Mörg félög hefðu þó staðið sig vel. Til staði að semja við bókaútgáfu um aðra bók fyrir næstu jól, en KKÍ væri tvístigandi vegna þess að erfitt væri að treysta á samtakamátt félaganna. Sama gildi með sölu á Körfunni. Hann sagði að KKÍ væri með samning við útgáfu blaðsins sem færði KKÍ 300 þúsund kr. í tekjur af hverju tölublaði. Framtíð blaðsins réðist af áhuga félaganna að halda framtakinu gangandi. Hann vakti athygli á hlut Breiðabliks í útgáfu blaðsins og þakkaði það og hvað til eftirbreitni fyrir fjárþurfi félög. Hann sagði ennfremur að aðeins tvö félög hefðu sýnt þessu áhuga í verki. Hann sagðist telja að fyrirtækjaform á samstarfi félaganna væri nauðsynlegt þar sem um samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði væri að ræða. Hæpið væri að gera slíkt undir merkjum félagasamtaka með skattalegt hagræði íþróttahreyfingarinnar. Málefni sem vörðuðu KKÍ og körfuboltann eingöngu ætti að taka beint, en á þeim sviðum sem farið væri inn á svið viðskiptalífsins taldi hann ekki réttlætjanlegt að gera það í öðru formi en með fyrirtækjaformi. Hann taldi nauðsynlegt að samstaða félaganna yrði að vera algjör. Leggja þyrfti fé í þetta og þegar í stað yrði farið út í markaðsrannsóknir og undirbúningsvinnu við einstök verkefni. Ekki væri hægt að vinna þessa hluti í sjálfböðavinnu eða sem aukavinnu á gjörsamlega ofhlaðinni skrifstofu KKÍ. Þetta er fjárrmögnun sem getur verið áhættufé, en getur skilað sér mjög vel ef hlutirnir ganga upp. Hann taldi að tíminn væri að renna frá okkur. Hann taldi ekki viðunandi að sum félög greiddu strax hlutaféð, en önnur biðu átekta eftir hvernig verkefnaöðin raðaðist. Hann sagði að hugmyndin væri enn til staðar, en boltinn væri hjá félögunum. Hann sagðist tilbúinn að funda með mönnum um þetta mál hvenær sem er. Ólafur kom því næst að gjaldhlið reikninganna og sagði að hægt væri að áorka ýmsu með samstarfi. Hann minntist á viðræður við bifreiðaumboð um kaup á 15 manna bíl sem yrði sérútbúinn KKÍ bill. KKÍ hefði þurft að leggja út stórfé í bilakostnað í fyrrasumar í hringferðinni og bill myndi að stórum hluta borga sig upp með NBA 3 á 3 hringferðinni í sumar. Ólafur óskaði eftir viðbrögðum frá félögunum við rekstri slíkrar bifreiðar. Annað sem Ólafur minntist á til sparnaðar fyrir félögin var sameiginleg prentvinnsla fyrir félögin td. við gerð miða leikskráa og blaða, sameiginleg ljósmyndun sem einnig gæti nýst Körfuboltaútgáfunni og KKÍ vegna söguskráningar, sem Ólafur taldi að leggja bæri áherslu á. Síðan minntist Ólafur á samræmda samninga um flutninga, samræmingu um samninga um greiðslur til leikmanna, kjör erlendra leikmanna og fl. Því næst kom Ólafur að ársreikningi og sagði að hann sýndi hagnað upp á kvartmilljón. Ólafur minntist á ófrágengin uppgjör varðandi sölu á Jordan-bók og sölu auglýsinga á Hagvagna. Hann taldi að í reynd væri hagnaðurinn meiri. Ársreikningurinn væri gerður miðað við 31. mars og ástæðan fyrir því að ekki lægi fyrir nákvæmara uppgjör væri sú að bókhald KKÍ væri orðið skrimslí. Vöxtur sambandsins væri slíkur að leikjafjöldi hefði tvöfaldast og veltan fjórfaldast. Bókhaldið hefði verið unnið í sjálfböðastarfi að

langstærstum hluta. Við hefðu bæst hlutir eins og virðisaukaskattur og flóknir samningar, stofnuð hefðu verið tvö fyrirtæki og uppgjör væru orðin mjög flókin. Endurskoða þyrfti bókhaldsmál sambandsins í mjög víðu samhengi. ÍSÍ hefði beint því til sambanda að taka almanaksárið upp sem reikningsár og taldi Ólafur það skynsamlegt. Ekki væri hægt að fara fram á að reikningum væri lokað 30. apríl og ársreikningar væru tilbúnir fyrir þing sem haldið væri fyrstu helgina í maí. Þannig væri þetta hjá Körfunni fjáröflunarélagi og Körfuboltaútgáfunni hf. og uppgjör þessarra fyrirtækja lægi ekki fyrir. Ólafur taldi að aukinn hagnaður sem nú vantaði í reikninga kæmi inn á næsta ári, en vildi ekki nefna tölur. Varðandi veltuna, 32 milljónir, sagði Ólafur að um aukningu uppá 6-7 milljónir væri að ræða, en breytingin væri í raun inn þá meiri. Þriggja milljóna kr. dómarakostnaður væri ekki greiddur í gegnum sambandið nú eins og áður. Ólafur minntist á auknar lottótekjur og sagði ástæður þess vera meðal annars aukning á þátttakendum í körfubolta. Prósentu KKÍ hefði fengist hækkuð og þakkaði hann Kolbeini fyrir að sá sigur hefði unnist. Hann taldi jafnframt að baráttunni væri ekki lokið og KKÍ fengi ennþá minna en HSÍ. Sér væri í mun að veltan héldist í 40 milljónum svo KKÍ fengi sama og HSÍ. Þetta gæti þýtt auknar tekjur sem svarar 1-2 milljónum á ári. Ólafur vakti athygli á auknum kostnaði vegna landsliða úr 9,6 milljónum í 13,5 milljónir. Þetta stafaði af kostnaði vegna drengjalandsliðsins sem væri fjárhagslegt áfall, en körfuboltalegt gleðiefni. Í þessum tölum lægi hagnaður upp á 4 milljónir til viðbótar. Ólafur skýrði frá því að velta körfunnar næmi um 12 milljónum samkvæmt bráðabirgðauppgjöri, það væri hrein viðbót þá veltu sem hér væri. Ólafur sagði að efnahagsreikningurinn liti ekki stórglæsilega út en eiginfjárstaðan væri þó jákvæð. Óinnheimtar tekjur hefðu breyst til lækkunar á yfirdrætti. Ólafur sagði að þróunin á veltu KKÍ hefði verið sú að hún hefði fjórfaldast á fimm árum. Þátttökugjöld sambandsins hefðu þó ekkert hækkað undanfarin fjögur ár og reikna bæri KKÍ það til tekna að hafa látið félögin njóta góð rekstrar. Þátttökugjöld sem hlutfall af veltu hefðu farið vel niður á við og væru nú vel innan við 10% og á bilinu 5-7% ef öll sýnileg velta væri tekin með. Frá ríkinu kæmi svipuð fjárhæð, en allt þar um fram væri eigin fjáröflun. Ólafur lýsti yfir vonbrigðum með viðbrögð sumra félaga við fjáröflunun KKÍ. KKÍ vildi beinharða þátttöku félaganna en ekki klapp á bakið. KKÍ væri að vinna út fyrir starfssvið stjórnar KKÍ með fjáröflun fyrir félögin. Hann ítrekaði að gagnrýni ætti ekki við öll félögin og hún ætti eingöngu við um fjárhagslegan þátt félaganna. Þau hefðu staðið staðið sig vel að öðru leiti. Glæsileg úrslitakeppni bæri félögunum gott vitni um framkvæmd leikja. Ólafur sagðist hafa haft í hyggju að gefa ekki kost á sér sem gjaldkera sambandsins áfram, en.... Hann sagðist hafa boðað útpenslustefnu, en vildi ekki starfa í umhverfi sem byggði eingöngu á rækjusölu og hækkun félagsgjalda. Ólafur taldi nauðsynlegt að bæta eiginfjárstöðu KKÍ til að geta mætt sveiflun og geta gripið fjárhagsleg tækifæri þegar þau biðust. Ekki væri skynsamlegt að skipta hagnaði út til aðildarfélaganna, nota ætti hagnað til að fjárfesta í sameiginlegum hlutum, fræðslustarfi o.s.f.v. KKÍ hefði margar leiðir til fjárfestinga svo sem sjóð til að minnka kostnaðaráhættu vegna þátttöku félaga í Evrópukeppni. Sjóði til að verðlauna félög fyrir metnaðarfullt yngri flokka starf. Koma á mannvirkjanefnd KKÍ sem hefði með höndum viðhald og uppbyggingu allara útíkarfa í landinu í samstarfi við félögin, auk þess að koma inná hönnunarstig íþróttahúsa með ráðgjöf og aðstoð við körfuboltaaðstöðu. Unnið hefði verið að því að afla umboða fyrir körfur, klukkur og stigmatöflur. Af þessu mætti hafa af verulegar tekjur ef rétt væri að staðið. Auka þyrfti unglingsfræðslustarf þótt það hafi verið mjög gott og koma upp markaðsapparati til að auglýsa upp leiki og fleira. Hann sagði að NBA-áhuginn og fjöldi krakka í körfubolta utanhúss, hefði ekki skilað sér nógu mikið inn í félögin. Fjárfesta þyrfti í vinnu við

þróun sjónvarpsmála og þá í samvinnu við hin boltasamböndin, þar væru verulegar tekjur á næstu 10 árum. Ólafur taldi samband Einars og Hauks við NBA griðarlega verðmætt. Ólafur taldi einnig að vinna ætti útgáfu afmælisrits sem kæmi út á 40 ára afmæli sambandsins árið 2001 og þá yrði einnig haldið ársþing FIBA hér á landi. Ólafur kom næst að stefnumótun KKÍ næstu 10 árin og taldi hana mikilvæga. Hann sagðist seint þreytast á að boða útpenslustefnu, en hinn valkosturinn væri samdráttur og skattastefna, þótt eflaust mætti finna einhvern meðalveg.

Þingforseti gaf orðið laust um reikninga KKÍ.

Ingvar Kristinsson sagði að gott væri að fá hugmyndir Ólafs á blaði. Hann óskaði jafnframt eftir að í framtíðinni yrði lögð fram starfsáætlun samhliða fjárhagsáætlun. Hann talaði um vaxtarverki og illa gengi að manna stjórnir og mæta auknum kröfum um þjónustu og þátttöku í fjáröflunarverkefnum. Hann taldi að ef uppgjör ársreikninga miðaðist við áramót kæmu þar inn tvö keppnistímabil, sem væntanlega væri ekki í samræmi við ársskýrslu. Betra væri að seinka ársþingi fram í júní eða september. Þá gæfist betri timi að undurbúa mál, sem tækju þá gildi ári eftir þing. Hann sagðist ekki sjá neinn meinbug á því að KKÍ ræki hlutafélög þar sem uppgjör miðaðist við áramót, þar sem þau væru rekin sjálfstætt. Ingvar spurði um hve mikið tap hefði verið á komu Harlem Globetrotters og hlutabréfaeign KKÍ í Körfuboltaútgáfunni hf? Þetta væri ekki að finna í ársreikningum. Þá spurði Ingvar um útgáfustarfsemina og tekjur og gjöld tengd henni? Hann spurði ennfremur um hvernig framlagi til landsliða hefði verið skipt milli einstakra landsliða. Hann spurði um kynningarstafsemi, hvaða verkefni þetta væru? Varðandi eingarhaldsfélags sagðist Ingvar sakna þess að fá ekki hugmyndir sem hefðu verið festar á blað og kynntar. Hann sagðist vilja fá að sjá útfærða viðskiptaáætlun og stofnun og rekstur þessa eignarhaldsfélags. Hvaða vörur, þjónustu ætla það veita og á hvaða markað o.s.f.v.

Grétar Pálsson Snæfelli sagði að kosturinn við Ólaf Rafnsson væri sá að hann hefði metnað fyrir hönd KKÍ og minntist á taprekstur fyrir nokkrum árum og umræðu um hvort leggja ætti fram fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir afgangi til að greiða skuldir. Þá hefði Einar Bollason staðið upp og sagt að taprekstur sýndi að eitthvað væri að gerast. Grétar spurði hvað Einar segði í dag? Grétar hrósaði Ólafi og stjórn KKÍ fyrir vel unnin störf, hún hefði stefnt upp fyrir meðalmennskuna. Að öðru leiti tók hann undir orð Ingvars.

Ólafur Rafnsson svaraði Ingvari og sagði varðandi uppgjörssárið að meira lægi þar að baki en uppgjör reikninga. Endurskoða þyrfti skipulag bókhalds KKÍ. Það væru skýr fyrirmæli frá ÍSÍ að miða bókhald við áramót. Hann sagðist ekkert sjá að því að skýrsla stjórnar og rekstrarreikningur færu saman. Hann benti Ingvari síðan á að Karfan væru ekki hlutafélag, hún væri einkafirma KKÍ. Virðisaukaskattur hefði einnig flækt bókhaldið verulega og væri ástæðan fyrir því að uppgjör væru ekki tilbúin. Varðandi Harlem Globetrotters sagði Ólafur að sá aðiæi sem flutti þá inn hefði tapað, en KKÍ hefði fengið fasta greiðslu, 350 þúsund, sem væri undir liðnum stjórnuleik í ársreikningum. Ólafur sagði að hlutafjäreign KKÍ í KBU, eina milljón vantaði inn í efnahagsreikning og jafnframt ætti KKÍ ótekjufærðar greiðslur frá KBU upp á vel á aðra milljón kr. Ólafur skýrði frá því að þetta hlutafé væri greitt með vinnu og skrifstofuaðstöðu. Hann sagði að skiptingu 13 milljónanna, sem fóru til landsliða, væri að finna í hreyfingalista og bauðst til að leggja hann fram. Ólafur sagði að mikil

fræðslustarfsemi væri innifalin í þessum 13 milljónum, landsliðsþjálfararnir hefðu misskunlaust verið notaðir til þess að halda námskeið. Hann sagði einnig að liðurinn kynningarstarfsemi væri ekki fjárveitingin til fræðslumála, þetta væri kostnaður vegna prentunar á bæklingum. Hann sagði að smáræðistap hefði verið á hringferðinni. Varðandi eignarhaldsfélag sagði Ólafur að það ætti ekki að hafa með höndum neinn rekstur. Varðandi markaðsrannsóknir spurði Ólafur hver ætti að vinna hana? Þær yrði að vinna af fagmönnum og það kostaði fé.

Haukar Hauksson frá UBK þakkaði fyrir gott skipulag á þinginu og KKÍ fyrir góða skýrslu. Haukur sagði að bregðast þyrfti við vaxtarverkjum með góðu skipulagi og nokkurri fjáröflun. Hann sagði að iðkendafjöldi hjá Breiðabliki ykist um 20-30% á hverju ári. Hann sagðist hafa séð hve skrifstofa KKÍ væri störfun hlaðin og bað félögin um öflugan stuðning skrifstofunni til handa. Hann stakk upp á að stofnuð yrði sérstök unglínganefnd með fulltrúum frá hverjum landshluta sem héldi utan um unglíngamálin. Hann sagði það skoðun Breiðabliks að til bóta væri að taka almanaksárið upp sem reikningsár KKÍ. Haukur taldi bestu leiðina fyrir félögin að fá styrk frá sínu sveitarfélagi væri að stofna eignarhaldsfélag sem hefði ákveðin markmið. Hann hvatti menn til að íhuga þetta sérstaklega. Haukur hvatti félögin til að standa saman með stjórn KKÍ.

Hrannar Hólm frá Þór Akureyri sagði að ekki mætti fordæma þau félög sem ekki tækju vel í fjáröflunarleiðir KKÍ. Sum félög væru með sínar eigin fjáraflanir sem tækju tíma. Þær fjáraflanir sem KKÍ væri með hentuðu ekki alltaf "félaginu" á viðkomandi tíma.

Þingforseti bað menn um að halda sig við efnið, reikninga KKÍ og því næst orðið laust um reikningana.

Ólafur Rafnsson sagðist ekki vera í aðstöðu til þess að fordæma félögin. Hann vakti athygli á hve sterkt KKÍ væri ef samstaða félaganna væri algjör.

Einar Bollason þakkaði Ingvari og Grétari þarfar ábendingar sagðist geta tekið undir flest sem fram kom í þeirra máli. Hann sagði að rekstur skrifstofu KKÍ kominn út í ógöngur og bregðast þyrfti hart við. Ný stjórn KKÍ þyrfti í kjölfar þingsins finna leiðir til að vinna á þeim vaxtarverkjum sem skrifstofan ætti við að stríða. Gera þyrfti starfslýsingu og deildaskipta skrifstofunni og fjölga stöðugildum. Varðandi orð Grétars um taprekstur sagði Einar að rétt væri eftir haft, en hann fagnaði ekki tapi, hvorki hjá KKÍ eða hjá sínu fyrirtæki. Hann hefði verið að bera saman tvö ár þegar þessi orð voru látin falla. Annars vegar ár þegar hagnaður var, en engir landsleikir leiknir og hinsvegar ár þar sem eitthvað var gert og taprekstur var einhver. Hann sagðist hins vegar fagna góðu og miklu starfi og hagnaði um leið. Loks bauð hann nýja hluthafa í Körfuboltaútgáfuna velkomna til samstarfs.

Ingvar Kristinsson sagði að koma þyrfti fram áður en reikningur yrðu samþykktir að hlutfjáreign KKÍ í KBU vantaði. Hann sagðist vilja fá að sjá skiptingu milli landsliða í reikningum, en sagðist skilja þá vaxtarverki sem skrifstofa KKÍ ætti við. Hann sagði að í viðskiptaáætlun fyrir eignarhaldsfélagi þyrfti að koma fram markmið og starfsemi félagsins. Ingvar sagði Hauka tilbúna að taka þátt í stofnun þessa eignarhaldsfélags, en spurði hvort ef til vill væri réttara að leggja fé í KBU og lýsti hann sig reiðubúinn að ræða þessa hluti.

Ólafur Rafnsson sagði að ekki væri búið að gefa út hlutabréf KKÍ í KBU, en ekki væri hægt að breyta reikningunum, þeir væru áritaðir af endurskoðendum og þá yrði að samþykkja eins og þeir væru eða halda aukabæing. Ólafur sagði að Ingvar væri sérfróður í gerð viðskiptaáætlana og lagði til að hann ynni þá vinnu.

Kolbeinn Pálsson sagði að enskt fyrirtæki hefði flutt Harlem Globetrotters til Íslands og þeir hefðu tapað 1,8 milljónum. KKÍ hefði fengið fasta greiðslu og engu tapað. Hann ítrekaði að það væri fyrirskipun frá ÍSÍ að breyta reikningsárinu í almanaksárið og því bæri að hlíta. Hann sagði einnig að stjórn KKÍ yrði að finna leið til fá Ólaf Rafnsson til að gegn áfram stöðu gjaldkera. Ekki mætti missa hann frá þeim verkefnum sem framundan væru. Hann ítrekaði að KKÍ og félögin yrðu að standa saman að því að afla tekna. Hann sagðist ekki hissa á því Ólafur væri orðinn þreyttur á félögunum eins og áhugaleysi þeirra hefði verið varðandi stofnun eignarhaldsfélagsins. Hann þakkaði einnig hlý orð KKÍ til handa frá Grétari og Hauki.

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

6. STJÓRN KKÍ LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR.

Ólafur Rafnsson gjaldkeri KKÍ, lagði fram fjárhagsáætlun og benti á að hún lægi frammi fyrir þingfulltrúa. Hann benti mönnum á að gera greinarmun á veltutölum og tekjutölum.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhagsáætlun, en enginn kvaddi sér hljóðs.

7. LAGÐAR FRAM LAGA OG LEIKREGLNABREYTINGAR SEM BORIST HAFA

Þingforseti las upp þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og lagði til, til hvaða nefnda þeim yrði vísað.

- Þingskjal nr. 1 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 2 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 3 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 4 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 5 til laga og leikreglnanefndar
- Þingskjal nr. 6 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 7 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 8 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 9 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 10 til laga og leikreglnanefndar
- Þingskjal nr. 11 til laga og leikreglnanefndar
- Þingskjal nr. 12 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 13 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 14 til allsherjarnefndar
- Þingskjal nr. 15 til laga og leikreglnanefndar
- Þingskjal nr. 16 til laga og leikreglnanefndar

Þingskjal nr. 17 til fjárhagsnefndar
Þingskjal nr. 18 til fjárhagsnefndar

8. UMRÆÐUR UM AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL.

Þingforseti gaf orðið laust.

Einar Bollason beindi þeim tilmælum til VISA-deildarféлага næsta árs, að þau létu útbúa möppur með myndum og upplýsingum um leikmenn sem afhenta ætti á blaðamannafundi í upphafi móts næsta haust. Einar hrósaði Þórsurum fyrir framtak sitt sem er fyrirhugaðar körfuboltaþúðir í sumar. Einar benti mönnum á að ræða við Breiðabliksmenn og KR-inga til að fræðast um skipulag körfuknattleiksdeilda. Hann taldi að stjórn KKÍ beitti sér fyrir að sjónvarpið gerði stiklur til að auglýsa umferðirnar í VISA-deildinni. Síðan benti hann á að koma þyrfti á föstum leikdögum og minnst þar á fimmtudaga og sunnudaga og taldi þá það sem koma skal. Hann taldi að karlalandslíði yrði ekki haldið úti yfir veturinn heldur væru öll verkefni landsliðsins öll á vorin, sumrin og haustin. Hann vék að hinu sænska 100 punkta kerfi og óskaði eftir því að það yrði þýtt á íslensku og sent til félaganna. Hann sagði frá því að kvikmyndagerðarmenn hefðu komið að máli við sig og spurt hvort ekki væri kominn tími til að gera heimildarmynd um sögu körfuboltans á Íslandi. Einar sagði þetta að þetta gæti kostað 500-700 þúsund og taldi það ekki mikið og finna mætti styrktarðaila.

Þingforseti frestaði að því þúnu þingi til næsta dags.

9. ÁLIT NEFNDA.

Fjárhagsnefnd

Ólafur Rafnsson mælti fyrir hönd nefndarinnar. Hann tók fyrir þingskjal nr. 17, tillögu að breytingu við 9. grein laga KKÍ um að reikningsár KKÍ verði 1. apríl-31. mars.

Ólafur skýrði frá því nefndin legði til að þessi tillaga yrði samþykkt. Með henni gæfist meiri tími til að undirbúa reikninga sambandsins fyrir þing og ekki skipti máli þótt liðir eins og lokahóf KKÍ kæmu fram á næsta tímabili. Hann skýrði einnig frá því að líklegt væri að breyta yrði reikningsárinu í samræmi við fyrirmæli ÍSÍ, þ.e.a.s. að almanaksárið yrði tekið upp sem reikningsár.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 17.

Haukur Hauksson bað um skýringu á því af hverju beðið væri með ákvörðun um breytingu í almanaksárið fram á næsta þing.

Ólafur Rafnsson sagði að í sjálfu sér væri ekkert því til fyrirstöðu að breyta í almanaksárið strax, en sagði að ef til vill væri betra að biða og sjá hvernig ÍSÍ ætlaði að standa að málum. Ólafur óskaði eftir frekari umræðum, en ef þær yrðu ekki mælti hann með að tillagan yrði samþykkt eins og lægi fyrir.

Kolbeinn Pálsson óskaði eftir að stjórn KKÍ hefði heimild til þess að gera almanaksárið að reikningsári KKÍ.

Grétar Pálsson taldi ótækt að reikningsárið væri opið. Í lögum þyrfti að vera skýrt ákvæði um það. Hann benti hins vegar á að ef kröfur yrðu gerðar um breytingar, væri hægt að gera milliuppgjör, sem væri einnig gott og gilt. Hann sagðist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að reikningsárinu yrði breytt í almanaksárið strax.

Þingforseti opnaði því næst umræður um breytingartillögu, sem barst. Hún var á þá leið að almanaksárið skuli vera reikningsár KKÍ.

Haukur Hauksson taldi að samþykkja ætti breytingartillöguna og sagði hana einfalda skattauppgjör og fl.

Þingforseti bar upp breytingartillögu við þingskjal nr 17, breytingu á 9. gr. laga KKÍ um að reikningsár KKÍ miðist við áramót. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (sjá þingskjal nr. 21).

Ólafur tók því næst fyrir þingskjal nr. 18, fjárhagsáætlun KKÍ. Hann sagði að fjárhagsáætlunin væri gagnslaus og óþörf. Hana bæri því að leggja niður. Hann lagði til að áætlunin eins og var lögð fram, yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 18, fjárhagsáætlun KKÍ. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti hana því næst undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Grétar Pálsson mælti fyrir höld nefndarinnar. Hann tók fyrir þingskjal nr. 1, benti á prentvillu, en lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 1.

Ragnar B. Sigurðsson frá Akranesi benti á að þingskjalið væri breyting á 32. grein en ekki 22. grein. Aldursskipting leikmanna.

Þorvaldur Karl Helgason frá KR benti á nokkrar villur í skjalinu sem laga þyrfti. Einnig hvort rétt væri að miða sektir við aðgöngumiðaverð í efstu deild karla. Hann spurði enn fremur hvort "ferðasjóður" sem minnst er á hefði dottið af himnum ofan? Hann spurði um sektir vegna liða sem ekki mættu til leiks og fannst sektir þessar og viðurlög ströng. Einnig fannst honum of snemmt að þurfa að skila inn þátttökutilkynningum fyrir 1. júní. Einnig að boltastærð vantaði fyrir 8. flokk karla.

Grétar Pálsson sagði að gott væri að fá viðhorf þeirra sem nýkomnir eru að hreyfingunni, en benti á að vettvangur þessara skoðanaskipta væri í nefndinni sem fjallaði um þingskjalið. Allsherjarnefnd hefði litið á þingskjalið sem formbreytingu og nefndin hefði ekki skoðað hverja grein sérstaklega með tilliti hvort þær væru vitrænar. Textinn í þeim væri sá sami og var í fyrri reglugerð.

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ sagði ábendingar Þorvaldar þarfar, en textinn væri sá sami og í fyrri reglugerð, sem oft hefði tekið breytingum á þingum. Textinn væri því ef til vill ekki nógu samræmdur, en lesa þyrfti alla reglugerðina yfir

með málvöndun í huga.

Þorvaldur Karl Helgason sagðist ekki hafa fundið það á sér að hægt væri að starfa með nefndunum, það stæði hvergi. Hann gerði því sínar athugasemdir hér og nú.

Axel Nikulásson lagði til að leiktími í 9. og 10. flokki væri lengri en 2 x 16 mínútur. Þá helst 2 x 20 mínútur í samræmi við leiki á alþjóðavettvangi. Einnig vantaði hvaða stærð af bolta ætti að nota í 8. flokki. Einnig bað Axel um útlistun á því hvað væri stór karfa og hvað væri lítil karfa.

Ólafur Þór Jóhannsson úr Grindavík tók undir orð Þorvaldar Karls um að viðurlög við því að lið mætti ekki til leiks. Hann benti á dæmi frá liðnum vetri er unglingsflokkur UMFG mætti ekki í fyrsta leik í Íslandsmótinu vegna misskilnings framkvæmdastjóra unglingsráðs. Veturinn hefði því verið ónýtur fyrir þennan flokk. Ólafur lagði fram tillögu þess efnis að þessi grein félli út úr reglugerðinni.

Ólafur Rafnsson ítrekaði að þingskjal nr. 1 væri í raun engin efnisleg breyting og það væri aðeins verið að raða greinum upp á nýtt. Breytingartillögur væri hægt að ræða í lokin.

Þingforseti ítrekaði að þeir sem vildu gera athugasemdir við þingskjal nr. 1 kæmu fram með skriflegar tillögur. Þær yrðu síðan teknar fyrir í lokin með öðrum breytingartillögum. Að því búnu bar hann þingskjal nr. 1 undir atkvæði og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti gaf því næst formanni laga- og leikreglnanefndar orðið.

Laga- og leikreglnanefnd

Hrannar Hólm formaður nafndarinnar mælti fyrir hennar hönd. Hann tók fyrir þingskjal nr. 5. Tillögu um viðbót við 31. grein reglugerðar um íslandsmót yngri flokka. "Mótanefnd er heimilt að ákveða að keppni í 10. 9. 8. 7. o.s.f.v.... verði riðlaskipt eftir landshlutum." Hrannar sagði að nefndin legði til eftirfarandi breytingartillögu við þingskjalið. "Í stað þess texta sem í þingskjalinu er kæmi": "Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt." (sjá þingskjal nr. 22). Hrannar taldi að um heppilega lausn væri að ræða og lagði til að þessi breytingartillaga yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust.

Einar Bollason skýrði betur um hvað málið snýst og minntist á formannafund þar sem menn ræddu að nauðsynlegt væri að minnka ferðakostnað í yngri flokkunum. Fyrst hefði verið rætt um að landshlutaskipta öllum yngri flokkunum, en upp hefðu komið jaðartilfelli svo sem við hverja Tindastóll og Þór ættu að keppa. Þessi félög hefðu metnað til að leika við bestu liðin á landinu. Einar sagðist því styðja eindregið þessa breytingartillögu.

Axel Nikulásson benti á að í breytingartillögu nefndarinnar vantaði upptalningu á hvaða

yngrí flokka væri átt við og lagði til miðað yrði við 10. flokk og niður.

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KÍÍ spurði af hverju mætti ekki leyfa liðum í drengjaflokki að leika á sínu svæði í 2. deild og tók sem dæmi 4-6 lið á norðurlandi? Hann tók einnig dæmi um unglingsflokkslið á Norðurlandi.

Þingforseti bar því næst breytingartillögu laga- og leikreglnanefndar við þingskjal nr. 5 undir atkvæði og bar hún samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 22).

Hrannar Hólm tók því næst fyrir þingskjal nr. 10 breytingu á 31. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Lagt er til að setningin: "Keppnin skal fara fram á tímabilinu október til apríl breytist þannig": "Keppnin skal fara fram á tímabilinu september til apríl." Hann útskýrði að þessi breyting væri fram komin til þess að gefa möguleika á því að leika tvær umferðir á Íslandsmótinu fyrir áramót og losna við frestanir ío janúar og febrúar vegna ófærðar. Hrannar sagði að laga- og leikreglnanefnd legði til að þingskjal nr. 10 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 10.

Ólafur Jóhannsson lýsti yfir stuðningi við þingskjalið og lagði til að það yrði samþykkt. Hann lagði jafnframt til þess að í janúar og febrúar yrði haldin héraðsmót.

Ragnar B. Sigurðsson sagðist ekki vera sammála efni þingskjalsins og sagði að of snemmt væri að byrja í september og benti á að síðustu mótin í knattspyrnu væru í september. Hann benti á að á síðasta vetri hefði fyrstu mótin verið 23. október og spurði hvort ekki væri hægt að byrja fyrr í október?

Magnús Svavarsson frá Tindastól sagði að alltaf þegar um þessi mál hefði verið rætt hefði það strandað á því að ekki væri hægt að fá hús í Reykjavík. Hann hefði heyrt að mikill vilji væri til að byrja mótin fyrr á haustin. Hann sagði að knattspyrnan væri búin um miðjan ágúst og því ætti ekki að verða árekstur.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 10 undir atkvæði og var það samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Hrannar Hólm tók því næst fyrir þingskjal nr. 11. Breytingu á reglugerð fyrir erlenda leikmenn. Keppnisleyfi til bráðabirgða. Hrannar sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn mælti sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 11 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Hrannar Hólm tók því næst fyrir þingskjal 15, breytingu á reglugerð fyrir erlenda leikmenn. Erlendum ríkisborgurum er óheimilt að leika með íslenskum félagsliðum o.s.f.v. Hrannar sagði að nefndin leggjði til að þingskjalinu yrði vísað frá.

Þingforseti bar því næst frávisunartillögu laga- og leikreglnanefndar undir atkvæði og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Umræður voru ekki leifðar.

Hrannar Hólm tók því næst fyrir þingskjal nr. 16, tillaga um breytingu á 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Það lið sem sigri í deildarkeppni 1. deildar kvenna hljóti sæmdarheitið deildarmeistari o.s.f.v. Hrannar sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvatti sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 16 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd

Pétur Hrafn Sigurðsson mælti fyrir hönd nefndarinnar og tók fyrir þingskjal nr. 2. Hann sagði að nefndin legði fram breytingartillögu við þingskjalið þess efnis að að að í 8-liða úrslitum væru mest leiknir 3 leikir, í undanúrslitum yrðu mest leiknir 5 leikir og einnig mest 5 leikir í úrslitum. Einnig að það lið sem lendir ofar í úrvalsdeildinni fá 1, 3, o.s.f.v. heimaleik. Einnig er lagt til að gestalið í úrslitakeppni eigi rétt á að kaupa 30% aðgöngumiða í stað 20%. Að öðru leiti er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 2.

Einar Bollason sagðist vera sáttur við þær breytingartillögur sem fram hefði komið. Ekki væri raunhæft að leika tvo leiki í röð á sama velli í úrslitakeppni. Hann sagði að menn gerðu úr mikið úr fjölgun leikja með breyttu fyrirkomulagi í úrslitakeppni og benti á að aðeins tvö lið færu alla leið. Hann sagði að úrslitakeppni með 3-5-7 leiki væri það sem hann vildi sjá. Körfuboltinn hefði haft frumkvæði í þróun leikjafyrirkomulags og svo ætti að vera áfram. Hann vísaði á bug þeirri gagnrýni að fólk mætti ekki á fyrstu leikina í 7 leikja einvigi. Einnig vísaði hann tali um þreytu leikmanna á bug og lagði til að breytingartillagan yrði samþykkt.

Hrannar Hólm sagðist fagna tillögunni. Hann sagðist ekki geta sagt hvort væri betra að hafa 5 eða 7 úrslitaleikjunum. Hann kom síðan að riðlaskiptingunni í úrvalsdeildinni og sagði að slæmt væri þegar riðlarnir væru ójafnir eins og sl. vetur. Minnka þyrfti hættuna á að slíkt gerðist aftur. Hann stakk upp á að dregið yrði í riðla þanni að þau lið sem fyrst falla út úr úrslitakeppninni verði dregin fyrst, en liðin verði ekki öll sett í pottinn í einu.

Grétar Pálsson sagði að allsherjarnefnd hefði talið 3-5-7 úrslitakeppni vænlegan kost en nefndin hefði viljað taka eitt skref í einu, en að þurfa að stiga skref til baka.

Ólafur Rafnsson tók undir orð Einars og sagðist styðja tillögu um 3-5-7 leikja úrslitakeppni. Búið væri að stiga skrefið upp í 5 leiki og það breyttist ekkert þótt fleiri lið tækju þátt í úrslitakeppninni. Lágmark væri 9 leikir og hámark 15 leikir. Ólafur lagði fram breytingartillögu við breytingartillögu allsherjarnefndar þess efnis að leiknir yrði mest 7 leikir í lokaúrslitum úrslitakeppinnar.

Pétur Hrafn Sigurðsson skýrði frá breytingartillögu við þingskjal nr. 2 þess efnis að að þau fjögur lið sem falla út í 8-liða úrslitum verði dregin fyrst í riðla. Einni að þau tvö lið sem falla út ú 4-liða úrslitum verði dregin sitt í hvorn riðilinn.

Ólafur Jóhannsson spurði hvort tillaga væri komin fram um hvort hætt yrði við

aukaleikina milli næst neðsta lið úrvalsdeildar og næst efsta lið 1. deildar.

Haukur Hauksson sagðist ekki getað tekið undir orð Ólafs og laðgi til að ekki yrði gerð breyting á með þessa aukaleiki.

Ragnar B. Sigurðsson tók undir orð Ólafs varðandi orð Ólafs um aukaleiki um úrvalsdeildarsæti og sagði þá óþarfa. Hann sagðist vera ósammála því að aðkomulið gæti keypt 20% aðgöngumiða í oddaleik í úrslitakeppni og vildi hafa hlutfallið 30%

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að stefna mótanefndar væri að láta ekki langan tíma líða frá því að úrvalsdeildinni lyki og þar til úrslitakeppni 1. deildar kláraðist svo hægt væri að skera úr um hvaða lið ættu að leika saman.

Þingforseti bar því næst undir atkvæði breytingartillögu við breytingartillögu allsherjarnefndar. "Það lið sem fyrr sigrar í 4 leikjum í úrslitum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik." Tillagan var samþykkt með 28 atkvæðum gegn 18. (sjá þingskjal nr. 24).

Þingforseti tók því næst fyrir breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 2. "Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum o.s.f.v." Bar hann tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 23).

Þingforseti tók því næst fyrir breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 2. "Við ákvörðun um riðlaskipan skla eftirfarandi regla notuð: Þau 4 lið sem falla út í 8-liða úrslitum skulu dregin í riðla. Þau tvö lið sem falla út í 4-liða úrslitum skulu dregin sitt í hvorn riðilinn." Bar hann því næst þessa tillögu undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 23).

Þingforseti bar því næst upp breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 2. "Um leikstaði í 4-liða úrslitum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að lið sem lent hefur ofar í úrvalsdeildinni fær 1. og 3. og ef með þarf 5. leik á heimavelli." Tillagan var samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 23).

Þingforseti bar því næst upp breytingartillögu allsherjarnefndar við þingskjal nr. 2. "Um leikstaði í úrslitum úrslitaleikjum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að lið sem lent hefur ofar í úrvalsdeildinni fær 1. 3. og ef með þarf 5. og 7. leik á heimavelli. Tillagan var samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 23).

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 2 með áorðnum breytingum og var það samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 23).

Gísli Georgsson mælti nú fyrir hönd nefndarinnar og tók fyrir þingskjal nr. 3. "Tillögu um hvernig lið skulu raðast í riðla í hinni nýju 12 liða úrvalsdeild. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 3 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjal nr. 3. Enginn kvaddi sér hljóðs og var þingskjalið því næst borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 4. Þingsályktunartillögu um stefnu KÍÍ varðandi úrvalsdeildina næstu árin og sagði að nefndin leggði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf því næst orðið laust.

Einar Bollason bað menn um að flýta sér ekki um of við að afgreiða jafn þýðingarmikla tillögu og hér væri á ferðinni. Hér væri um þingsályktunartillögu að ræða og málið hefði verið kynnt á formannafundi. Hann minntist einnig á enn viðameiri stefnumótunartillögu sem Ólafur Rafnsson hefði sent til félaganna. Einar benti á að þegar kerfið væri fullkomnað 1998 félli ekkert lið úr deildinni heldur væri það ákvörðunaratriði stjórnar KÍÍ. Þetta væri í takt við það sem gert væri víða erlendis. Tekið yrði tillit til fleiri þátta en körfuboltalegrar getu við ákvörðun um hvaða lið skipuðu deildina. Hann benti einnig á að þá yrði úrvalsdeildin rekin sem næst sjálfstætt sem fyrirtæki. Hann kvatti til þess að áfram yrði rætt um þetta mál.

Haukur Hauksson tók undir að hér væri um mjög merkilega tillögu að ræða og þakkaði Ólafi og Einari störf að þessu máli.

Hrannar Hólm lýsti yfir ánægju með þessa tillögu, en benti á að þegar deildinni yrði skipt upp í fjóra riðla eftir tvö ár yrði 3 lið í tveimur riðlum sem væri full lítið og liðin lékju mismarga leiki innan deildanna tveggja. Finna þyrfti betri lausn á því.

Magnús Svavarsson frá Sauðárkróki sagðist ekki sjá neinn sparnað í að skipta liðunum í landshlutariðla. Sterkustu liðin væru á suðurlandi og lið af norðurlandi þyrftu að fara suður til að fá keppni við sterk lið. Þetta væri til þess að eyðileggja körfuboltann í landinu.

Ólafur Rafnsson sagði ábendingu Hrannars hárrétta og mun skynsamlegara væri að leika áfram í 2 riðlum eftir 1996. Hann benti Magnúsi Svavarssyni á að ekki væri hægt að finna upp neitt keppnisfyrirkomulag sem stytta leiðina suður fyrir Tindastól. Hann sagði að þótt engin sparnaður væri fyrir Tindastól gæti verið sparnaður í hinum 3 riðlinum og kosnaðurinn ykist ekki. Hugsa yrði fyrir heildina og gott væri að meira yrði um nágrannaslagi. Þótt langt væri í sterkt lið fyrir Tindastól eins og er gæti það breyst á næstu árum. Hann bað mann um að láta sérhagsmuni vika fyrir heildarhagsmunum.

Einar Bollason sagðist skilja mæta vel afstöðu Magnúsar og Tindastólsmanna. Gallinn á tillögunni væri staða liðanna á norðurlandi, þar væri flöskuhálsinn. Tíminn yrði að skera úr um hvernær væri hægt að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd.

Þingforseti lagði til að þar sem talað er um 20% aðgöngumiða í þingskjalinu, yrði gerð breyting í 30% í samræmi við fyrri samþykkt. Gengið var til atkvæða um það og var það samþykkt með meirihluta. Að því búna bar hann þingskjal nr. 4 upp var áorðinni breytingu og var það samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða (sjá þingskjal nr. 25).

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 6. Breytingu á 5. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Þ.e.a.s. 5. grein þeirrar nýju reglugerðar sem fyrr var samþykkt. "Út falli setningin: úrslitakeppni skal fara fram á löglegum völlum." Gísli sagði að allsherjarnefnd leggði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjalið. Enginn kvaddi sér hljóð og bar hann því næst þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 7. Breyting á 13. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót. Út falli ýmis orð svo sem og "varamenn þeirra, tímaverði og ritarar. Starfsmenn skulu vera starfi sínu vaxnir, lávarðadeild og fleira." Hann sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf því naust orðið laust um þingskjal nr. 7. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 8. Breyting á 20. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Kærufrestur lengur úr 48 klst. í 72 klst. og sunnudagar undaskildir o.s.f.v. Gísli sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt með þeirri breytingu að áfrýjunargjald yrði 3.000 kr. í stað 6.000 kr (sjá þingskjal nr. 26).

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 8. Engin kvaddi sér hljóðs og bar hann því breytingartillögu allsherjarnefndar um 3.000 kr. áfrýjunargjald undir atkvæði og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Því næst bar þingforseti þingskjal nr. 8 undir atkvæði með áorðinni breytingu og var það samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 26).

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 9. Út falli setningin: "Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum o.s.f.v." Gísli sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 9. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 12. Breyting á reglugerð fyrir mótanefnd. "Mótanefnd skal í samvinnu við dómarnefnd skipa eftirlitsmann á leiki í úrvalsdeild, leiki frá og með o.s.f.v." Hann sagði að allsherjarnefnd legði til breytingartillögu við þingskjalið: "Mótanefnd hefur heimild til í samvinnu við dómarnefnd að skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu. Þá skal ævinlega skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppni og úrlitaleik bikarkeppni."

Þingforseti gaf orðið laust. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því breytingartillögu allsherjarnefndar undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða. Því næst bar þingforseti upp þingskjal nr. 12 með áorðinni breytingu og var það samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 27).

Gísli Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 13. Breyting á 7. tölulið reglugerðar fyrir dómarnefnd. Skipun eftirlitsmanna. Gísli sagði að nefndin legði til að þingskjalið verði samþykkt með sama orðalagi og þingskjal nr 12. sem samþykkt var áður.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því breytingartillögu allsherjarnefndar upp og var hún samþykkt samhljóða. Því næst bar hann þingskjal nr.

13 upp með áorðinni breytingu og var það samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 28).

Gílsi Georgsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 14. Tillaga um breytingu á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða. Hann sagði nefndina leggja til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust. Engin kvaddi sér hljóð og bar hann því þingskjal nr. 14 upp og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók því næst á dagskrá þingskjal nr. 19 og gaf flutningsmanni þess orðið.

Pétur Hrafn Sigurðsson tók fyrir þingskjal nr. 19. Breyting á reglugerð fyrir bikarkeppni. Breyting til samræmingar við fjölda liða í úrvalsdeild vegna 16 liða úrslita. Einnig falli út útlistun á fyrirkomulagi svæðisskiptar keppi. Mótanefnd ákveði það með tilliti til þátttöku hverju sinni.

Þingforseti orðið laust um þingskjal nr. 19. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjalið upp og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók því næst á dagskrá þingskjal nr. 20. Breyting á 32. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Gíslí Georgsson tók þingskjalið fyrir. Körfuknattleiksmönnum skal skipt í flokka sem hér segir o.s.f.v. Hann sagði að allsherjarnefnd leggði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 20.

Grétar Pálsson benti á samræmingu milli a og b liða þar sem talað er um karla og konur.

Hrannar Hólm spurði við hvaða áramót væri miðað þegar sagt væri að leikmaður mætti verða 21 árs eftir áramót?

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 20 upp og var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf orðið laust um þær breytingartillögur við þingskjal nr. 1 sem leitað var afbrygða fyrir að teknar yrðu til umræðu.

Ólafur Rafnsson bað hann menn um að eyða ekki tíma í tillögur sem samdar væru á staðnum án úthugsaðra útfærslna.

Gíslí Georgsson benti á að ekki væri um efnislegar breytingar að ræða í þingskjali nr. 1 en benti á nokkrar prentvillur. Hann sagði að allsherjarnefnd legði til að þingskjal nr. 1 yrði samþykkt óbreytt, en með áorðnum breytingum.

Ólafur Jóhannsson sagðist hafa gerst sekur um að flytja tillögu sem ekki hefði verið hugsuð til enda. Hann dró því tillögu sína til baka.

10. ÖNNUR MÁL.

Þingforseti gaf orðið laust um önnur mál.

Helgi Bragason körfuknattleiksdómari tók til máls. Hann skýrði frá þeim breytingum sem framundan eru á leikreglum í körfuknattleik. Hann sagði að verið væri að færa reglurnar til samræmis við það sem er í Bandarísku NBA-deildinni. Hann sagði að þegar hefði Kotleba frá FIBA kynnt þessar nýju reglur fyrir dómurum og í sumar yrðu þessar reglur kynntar enn betur fyrir dómurum og félögum. Hann minntist á breytingu á bónusvítaskoti, það yrði alltaf tvö skot í stað 1+1. "Act of shooting" breyttist á þá veru að skothreyfingu væri ekki lokið fyrr en leikmaður hefði lent aftur með báða fætur á gólfi. Einnig innköst frá endalínu og breytingu varðandi snúningsfót. Aftari fótur er snúningsfótur og sá fótur sem lendir á undan er snúningsfótur. Einnig varðandi sendingu í átt að körfu fyrir ofan hring, sem hefur verið bannað, en nú skal það leyft. Ásetningsvilla verður óþróttamannsleg villa. Hann skýrði frá því að þriggja stiga línan yrði ekki færð út um 25 sm. eins og til stóð. Línan yrði líklega færð út í einu lagi í 7 metra síðar. Einnig að nú yrði þjálfari sendur út úr húsi ef hann fær tvær tæknivillur í röð eða þrjár í í það heila í leiknum. Þá skal leikmönnum gert að girða sig, búninginn ofan í buxurnar. Að lokum kom hann að því að leikskýrslan yrði einfölduð í þá verra að í stað þess að skrifa stigin yrði merkt við áprentaðar tölur á leikskýrslunni.

Einar Bollason beindi þeim tilmælum til KR-inga að sækja um það til KKÍ að fá að nota sinn rétta röndotta búning. Ekkert væri í reglum KKÍ sem bannaði það þótt það væri í FIBA-reglum.

Pétur Hrafn Sigurðsson bað þingforseta að aðstoða sig við að draga lið í riðla í Úrvalsdeildinni fyrir næsta vetur eins og venja er að gera undir liðnum önnur mál á þingum KKÍ.

Þingforseti dró Akranes og Keflavík í riðla og einnig Skallagrim og ÍR. Þingforseti dró Akranes í A-riðil og Keflavík í B-riðil. Þá dró hann Skallagrim í A-riðil og ÍR í B-riðil. Riðlaskiptingin er því þessi:

A-riðill: Njarðvík, Akranes, Haukar, Snæfell, Þór og Skallagrimur.

B-riðill: Grindavík, Keflavík, KR, Tindastóll, Valur og ÍR.

Að því búnu lagði Pétur til að drætti í riðla í 1. deild karla yrði frestað.

Sverrir Hjörleifsson þakkaði Tindastólsmönnum glæsilegt þing. Hann lýsti síðan yfir vonbrigðum með þá efnismeðferð sem þingskjal nr. 15 fékk og sagði klaufalegt að vísa þingskjalinu frá og það hefði eflaust verið gert af vanþekkingu. Hann lýsti því næst eftir skýringum á efnismeðferðinni.

Grétar Pálsson þakkaði þinghöldurum ágætt þing, gott boð á laugardagskvöld og góða stund þá. Hann vék síðan að nokkrum málum sem hann taldi ekki hafa fengið næga umfjöllun. Í fyrsta lagi 100 punkta kerfi Svía, en hann sagðist vilja sjá KKÍ og félögin gefa út handbók innhaldi verklagsreglur og leiðarlýsingar fyrir menn sem eru að koma að starfinu. Þannig að þeir viti hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Hann kom því næst að störfun þingsins og taldi menn ekki nýta sér nægjanlega vel nefndastörfin. Hann taldi að allsherjarnefnd hafi ekki haft nógu góðan tíma til að starfa. Betra væri ef nefndir

gætu hafið störf þegar á föstudagskvöld. Hann sagði þingfundinn sjálfan ekki vera vinnufund heldur til að afgreiða mál. Hann kom að yngri flokka málum og taldi þeim sýnt mikið virðingarleysi. Ótækt væri að leikjaröð væri raskað svo þjálfarar kæmst til að keppa sjálfir. Ekki væri hægt að bjóða börnum upp á að leika þrjá leiki í röð, þau yrðu að fá hvíld á milli. Hann sagði ekki réttlætanlegt að fresta mótum vegna ferminga hjá einu liði og setja það síðan ofan í fermingar hjá öðru liði. Loks spurði hann hvernig KKÍ ætlaði að afgreiða leiki Skallagríms og ÍR, hvort þeir leikir ættu að fara fram eða ekki. Hann taldi þingið ekki hafa tekið afstöðu til þess.

Hrannar Hólm svaraði fyrir meðferð á þingskjali 15, tillögu að erlendir leikmenn yrðu bannaðir. Hann sagðist ekki hafa vitað að umræðum yrðu bannaðar um tillöguna fyrst henni var vísað frá. Frávísunin hefði ekki komið til svo engar umræður yrðu. Þar væri vankunnáttu sinni um að kenna. Hann sagðist skilja það að Haukamenn væru óhressir með að fá ekki að tala fyrir tillögunni sinni.

Haukur Hauksson þakkaði gott skipulag á þinginu, innilegar móttökur, söng og pottaferðir. Haukur skýrði frá því að 1. október yrði tekið í notkun nýtt íþróttahús í Kópavogi, sem væri með stærstan gólfhlöt allra íþróttahúsa á landinu. Þar yrðu sæti fyrir 2.400 áhorfendur, 400 m² félagsaðstaða með tveimur fundarherbergjum, sauna og pottar. Ef það hentaði einhverjum félögum að nýta sér þessa aðstöðu þá væri það hægt gegn vægu gjaldi.

Ólafur Rafnsson svaraði Grétari varðandi leiki Skallagríms og ÍR og sagði að ef farið væri út í hájúrítiska prinsiplögfræði, þá væri verið að sveigja vissa þætti í lögum KKÍ. Hann taldi það réttlætanlegt þegar um jafn veigamikil mál væri að ræða. Þetta væri hins vegar gert með samþykki allra aðila og sagði að þótt málið væri ekki á æskilegum nótum þá stæðist þetta. Ólafur sagði að málið hefði ekki verið lagt fram formlega til að koma í veg fyrir að það hefði fordæmisgildi. Þá taldi hann að menn yrðu að ætta sig á frávísun máls og að fella mál. Ekki væri réttlætanlegt að vísa máli frá nema á því væru einhverjir formgallar.

11. KOSNING FORMANNS

Þingforseti lýsti eftir framboðum í kjör formanns. Stungið var uppá Kolbeini Pálssyni og var það samþykkt með lófaklappi.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA OG ÞRIGGJA TIL VARA

Þingforseti gaf Pétri Hrafni Sigurðssyni orðið.

Pétur Hrafn Sigurðsson stakk uppá þeim þeim Einari Bollasyni, Kristni Stefánssyni og Sólrúnu Rafnsdóttur til tveggja ára. Þá stakk Pétur upp á Hauki Haukssyni til eins árs.

Þingforseti lýsti eftir fleiri tillögum. Þær komu ekki fram og voru þau kjörin með lófaklappi.

Þingforseti lýsti eftir framboðum í varastjórn KKÍ.

Þingforseti gaf Pétri orðið á ný.

Pétur stakk upp á þeim Ólafi Johnson, Helga Bragasyni og Magnúsi Svavarssyni.

Þingforseti lýsti eftir fleiri tillögum. Þær komu ekki fram og vora þau kjörin með lófaklappi.

13. KOSNING EINS MANNS Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL OG EINS TIL VARA

Þingforseti óskaði eftir tillögum og gaf Pétri orðið.

Pétur stakk uppá þeim Gísla Gíslasyni sem aðalmanni og Ágústi Jóhannessyni til vara og var það samþykkt með lófaklappi.

14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND KKÍ OG TVEGGJA TIL VARA.

Pétur stakk upp á þeim Ágústi Jóhannessyni og Hrafni G. Johnsen sem aðalmönnum og þeim Hauki Hannessyni og Ingimar Ingasyni til vara. Var það samþykkt með lófaklappi.

15. KOSNING ÞRIGGJA MANNA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA.

Pétur stakk uppá þeim Bjarna Steinarssyni, Brynjari Nielssyni og Sveini Ævarssyni sem aðalmönnum og til vara þeim Elínborgu Guðnadóttur, Jóhanni Ingólfssyni og Einari Bollasyni. Var það samþykkt með lófaklappi þrátt fyrir áköf mótmæli Einars Bollasonar.

16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA KKÍ.

Pétur stakk uppá þeim Ágústi Jóhannessyni og Guðrúnu Ólafsdóttur og var það samþykkt með lófaklappi.

17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍÞRÓTTAÞING.

Pétur sagði það venju að vísa þessum lið til stjórnar KKÍ og var það samþykkt.

18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.


Pétur lagði til að eins og undanfarin ár verði þingfundargerðir ekki lesnar upp heldur verði fundargerð send félögnum til upplýsingar. Var það samþykkt með lófaklappi.


19. ÞINGSLIT

Þingforseti gaf nýkjörnum formanni KKÍ orðið.

Kolbeinn Pálsson þakkaði það traust sem honum hefði verið sýnt með því að kjósa hann áfram sem formann. Hann lýsti jafnframt yfir ánægju með þá menn sem kosnir

með sér í stjórn og nefndir. Hann sagði að áfram yrði haldið að berjast fyrir þeim málum sem lýst hefði verið í upphafi þings. Að byggja körfuboltann upp með sóma eins og undanfarin ár. Hann þakkaði þingforseta góða stjórn á þinginu og Tindastólsmönnum fyrir frábæra umsjón með þinginu og staðarval. Hann sagði að þótt menn væru orðnir þreyttir á fundarsetu hefðu verið mjög skemmtilegir fundir í pottunum fram eftir morgni. Hann sagði að öll þing frá því hann tók við formennsku hefðu verið haldin úti á landi og lýsti ánægju með þá tilhögun. Það efldi samstöðu manna og vináttu. Hann sagði að stjórn KKÍ myndi fagna því ef félög utan stór-Reykjavíkursvæðisins vildu halda næsta þing og sagði að því minni sem staðurinn væri því betra. Loks þakkaði Kolbeinn fyrir gott þing. Hann sagði að tekið hefði verið á ýmsum stefnumótandi markmiðum sem ekki hefði verið gert áður. Hann óskaði eftir því að menn héldu áfram að vinna saman sem vinir og félagar og sagði að því búnu þinginu slitið.


Erling Örn Petursson
Þingforseti


Pétur Hrafn Sigurðsson
Þingritari

ÞINGSKJAL NR. 1**LÖG KÖRFUKATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS**Heiti og tilgangur:**1. grein**

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSí). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

2. grein

Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll þau félög innan ÍSí er iðka og keppa í körfuknattleik rétt á aðild að KKÍ.

3. grein

Starf KKÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.
- b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA). (Með hæfilegum fyrirvara skal KKÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSí um áætlanir sínar og ákvarðanir varðandi samskipti við útlönd).

Skipulag:**4. grein**

Málefnum KKÍ stjórna:

- a) Körfuknattleikspingið.
- b) Stjórn KKÍ.

Körfuknattleikspingið:**5. grein**

Körfuknattleikspingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og skal miðað við kennsluskýrslur hverju sinni þannig að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.

Þingið skal halda árlega eigi síðar en í maímánuði. Stjórn KKÍ skal boða bréflega til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málafni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing.

Körfuknattleiksþingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6. grein

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn KKÍ.
- b) Endurskoðendur KKÍ.
- c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
- d) Framkvæmdastjórar KKÍ og ÍSÍ.
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ.
- f) Meðlimir dómstóls KKÍ.
- g) Formaður Olympíunefndar Íslands.
- h) Íþróttfulltrúi ríkisins.
- i) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands.
- j) Einn fulltrúi Körfuknattleikspjálfarafélags Íslands.

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleiksþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði.

7. grein

Aukapung má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er förfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukapung sömu reglur og um reglulegt körfuknattleiksþing.

8. grein

Störf körfuknattleiksþings eru:

1. Þingsetning.
2.
 - a) Kosning kjörbréfanefndar.
 - b) Kosning fyrsta og annars þingforseta.
 - c) Kosning fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning fastra nefnda:
 - a) Fjárhagsnefnd
 - b) Laga- og leikreglnanefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.

Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann.

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár.
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar.

- ÞINGHLÉ -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál.
11. Kosning formanns.
12. Kosning þriggja meðstjórnenda til tveggja ára og þriggja manna varastjórn til eins árs.
13. Kosning eins manns í körfuknattleiksdómstól og eins til vara. Báða til þriggja ára.
14. Kosning tveggja manna í aganefnd og tveggja til vara
15. Kosning þriggja aðila í félagaskiptanefnd og þriggja til vara.
16. Kosning tveggja endurskoðenda.
17. Kosning fulltrúa á Íþróttáþing.
18. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
19. Þingslit.

Fái þeir sem um er kosið, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Ársskýrslu KKI, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKI innan tveggja mánaða frá þingslitum.

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn KKI jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

9. grein

Stjórn KKI fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKI skipa sjö menn. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum

lögum. Formaður KKI boðar stjórnarfund og stjórnar þeim.
Stjórn KKI er heimilt að ráða launað starfsfólk, m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.
Reikningsár KKI er frá 1. maí til 30. apríl.

10. grein

Stjórn KKI skal strax að loknu körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd.
Dómaranefnd.
Landsliðsnefnd.
Unglingalandsliðsnefnd.
Kjörnefnd.

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.
Stjórn KKI skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn KKI til staðfestingar. Nefndir KKI hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, nema stjórn KKI ákveði annað í skipunarbréfi. Stjórn KKI skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfundum þegar þurfa þykir eða þeir óska þess.

11. grein

Öll aðildarfélög KKI eiga rétt á að tilnefna mann í allsherjarnefnd KKI. Í henni eiga einnig sæti stjórnarmenn KKI. Allsherjarnefnd skal boða til funda minnst þrisvar á meðan Íslandsmót stendur. Eigi skal líða lengri tími en þrjú mánuðir milli funda nefndarinnar. Formaður KKI boðar nefndina til fundar og stjórnar fundum hennar. Allsherjarnefnd er vettvangur umræðu um körfuknattleiksmál. Hún er stjórn KKI einnig ráðgefandi um lausn ýmissa mála, sem koma upp milli körfuknattleiksþinga.

12. grein

Starfssvið stjórnar KKI er m.a.:

1. Að framkvæma alyktanir körfuknattleiksþingsins.
2. Að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
3. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. Að taka ákvarðanir um veitinu heiðursmerkja og viðurkenninga.
6. Að senda framkvæmdastjórn ÍSí lögboðnar skýrslur.
7. Að líta eftir því, að lög og reglur KKI séu haldnar.

8. Að hafa yfirumsjón með landsmótum.
9. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
10. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
11. Að koma fram erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarinnar í landinu.

Stjórn KKÍ skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn ÍSÍ við ákvörðun á alþjóðamótum, sem haldin eru hérlendis ásamt landsmótum. Stjórn KKÍ hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

13. grein

Körfuknattleiksráðin og héraðssamböndin eru milliliðir félaga sinna og stjórnar KKÍ. Þau skulu senda stjórn KKÍ allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur um störf sérráðsins og tölu virkra körfuknattleiksmanna í umdæminu skulu send stjórn KKÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Af skýrslunum ákvarðast fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á körfuknattleikspinginu, sbr. 5. grein.

Stjórn KKÍ á rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómara- og þjálfarafélaga og héraðssambanda, sem eru aðilar að sambandinu.

Dómstóll KKÍ:

14. grein

Dómstóll KKÍ skal skipaður þremur aðalmönnum og þremur varamönnum kjörnum á körfuknattleikspingi samkvæmt 8. grein 13. lið. Dómstóll kýs sér formann og starfar að öðru leyti samkvæmt dóms- og refsiakvæðum ÍSÍ og reglugerðum KKÍ. Er mál hefur borist dómstól KKÍ skal það tekið fyrir innan 15 daga.

15. grein

Kærun skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæra ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KKÍ skulu birtir í staðfestur símskeyti og ábyrgðarbréfi.

16. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar sambandsráð ÍSÍ hefur samþykkt þau.

17. grein

Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig skuli ráðstafa eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksíþróttinni í landinu.

ÞINGSKJAL NR. 1

REGLUGERÐ UM KÖRFUKNATTLEIKSMÓT**1. grein**

Aðeins félög innan Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) og ÍSÍ eiga rétt til að taka þátt í opinberum körfuknattleiksmótum. Öll körfuknattleiksmót og körfuknattleikir skulu fara fram skv. lögum ÍSÍ og sérreglum um körfuknattleik. Samþykktir Alþjóðarkörfuknattleikssambandsins (FIBA) eru bindandi fyrir KKÍ.

2. grein

Íþróttamaður eða leikmaður æfir sig og keppir á eigin ábyrgð og ber framkvæmdastjórn viðkomandi móts enga ábyrgð á, þótt hann meiðist eða verði fyrir slysi í keppni.

3. grein

Heimboð erlendra körfuknattleikslíða og utanferðir sambandsaðila skulu vera í samþykki KKÍ og ÍSÍ. Heimsóknir milli félaga og landshluta skulu fara fram með leyfi viðkomandi körfuknattleiksráðs. Félag, sem hefur í hyggju að leika við útlent félag, skal sækja um leyfi þar um til KKÍ og ÍSÍ.

4. grein

Félögum innan KKÍ og ÍSÍ er heimilt að stofna til keppni innan ákveðinna svæða t.d. eins bandalags eða fleiri, svonefndra bandalagsmóta, að fengnu leyfi ÍSÍ og KKÍ. Með umsóknum um leyfi til keppni skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn keppninnar.
- b) Hvaða félög hafi rétt til keppninnar.
- c) Hvort keppt skuli skv. útsláttaraðferðinni (úr keppni eftir tapaðan leik) eða eftir flokkakerfinu.
- d) Hvort keppt sé um verðlaun.

Mótanefndum er óleyfilegt að breyta ákvæðum um viðkomandi mót.

Hvert bandalag innan KKÍ skal senda skýrslu um bandalagsmót til KKÍ í síðasta lagi 14 dögum eftir að mótinu er lokið.

5. grein

Um vallarstærð gildir ákvæði Körfuknattleiksreglna, en þó getur KKÍ eða viðkomandi körfuknattleiksráð, þegar um héraðsmót er að ræða, veitt undanþágu ef sérstaklega stendur á eða ef óskað er. Stjórn KKÍ getur einnig veitt undanþágu frá ákvæðum

Körfuknattleiksreglna um vallarstærð fyrir þá flokka sem leika í svæðiskeppni sbr. 11. gr. Úrslitakeppni skal þó fara fram á löglegum völlum.

6. grein var 19 grein

Kappleikir eru því aðeins gildir, að farið sé eftir reglum KKÍ og ÍSÍ. Körfuknattleiksráð getur bannað, að kappleikir fari fram, ef sýnt þykir að ekki muni farið eftir gildandi reglum.

Ef leikjum er frestað eða færðir til án samráðs við mótanefnd KKÍ þá skal hvort lið sektað um kr. 11.280,00.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á verði aðgöngumiða í efstu deild mfl. karla.

7. grein var 25. grein

Félög bera ábyrgð á að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik. Félag hirða af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti og þau bera einnig allan kostnað vegna framkvæmdar hans. Lið sem leikur á útivelli í Íslandsmót ber allan kostnað vegna ferðalaga leikmanna.

8. grein var 12. grein

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta skýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslökum undirrita dómara skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við pósthimpil (laugardagur og sunnudagur undanskildir).

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 190,00 á hverja skýrslu hvern dag. Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

9. grein var hluti af 26. grein

Hvert félag skal tilnefna dómara til KKÍ eigi síðar en 25. september fyrir hvern eftirtaldr flokka sem tilkynntir eru í Íslandsmót eða bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið fjóra dómara.
- b) Meistaraflokkur karla pr. lið þrjá dómara.

- c) Meistaflokk kvenna pr. lið tvo dómara.
- d) Lávarðardeild pr. lið einn dómara.

Félag sem tekur þátt Íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en tvo dómara (eða fjóra ef lið tilkynnir einungis þátttöku í Úrvalsdeild) nema ef það tilkynnir einungis þátttöku í yngri flokkum þá þarf það ekki að eiga neinn.

Dómarar þessir skulu vera orðnir 18 ára og hafa lokið dómaraþrófi á vegum KKÍ og vera samþykktir af dómaranefnd KKÍ. Dómarar þessir verða jafnframt að vera reiðubúnir til þess að dæma fyrir KKÍ.

Fyrir hvern dómara sem félagi vantar til að ná ofangreindu lágmarki eða dómara sem ekki vilja dæma fyrir KKÍ skulu félög greiða kr. 45.240,00 (pr. dómara). Upphæðin skal renna til Unglinganefndar KKÍ.

Ferðasjóður þessi skal vera í vörslu stjórnar KKÍ og sér hún um innheimtur og greiðslur úr sjóðnum. Félag sem vanrækir greiðslur í sjóðinn getur ekki tekið þátt í mótum á vegum KKÍ.

Verði afgangur af sjóðnum þá skal hann renna óskiptur til næsta árs.

Sektarupphæðir skulu breytast í samræmi við breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

10. grein var 13. grein

Félag sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og sæta þar að auki sekt, sem nemur öllum ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar en þó aldrei lægri upphæð en kr. 22.680,00 sem rennur til KKÍ. KKÍ ákveður og annast innheimtu sektarfjár og sér um að greiða til viðkomandi aðila.

Félag sem ekki mætir til leiks í tvo leiki í sama móti án gildra ástæðna að mati mótanefndar skal sektað skv. ofangreindu og vísað úr mótinu.

Ef félag hættir þátttöku eftir upphaf þess eða er vísað úr mótinu skal félagið tapa öllum áunnum stigum og sæta leikbanni til loka keppnistímabils (sjá einnig 27. grein). Jafnframt skal viðkomandi félag hefja þátttöku í neðstu deild eða riðli ef það hyggst taka þátt í mótinu á næsta keppnistímabili.

Allar sektargreiðslur skulu renna til KKÍ nema annað sé tekið fram. Félag sem vanrækir sektargreiðslur missir rétt til þátttöku á næsta keppnistímabili.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild Mfl. karla.

11. grein var 18. grein

Leikur vinnst án keppni, sé eitthvert lið ekki mætt 15 mínútum eftir auglýstan tíma í keppni (þ.e.a.s. þann tíma sem viðkomandi liði var tilkynnt að mæta á), nema um sé að ræða óviðráðanlegar ástæður, sem mótanefnd metur gildar. Skulu hinir skipuðu dómarar kveðja ritara sem vitni og gefa skýrslu til körfuknattleiksráðs innan 24 stunda,

að leikur hafi ekki farið fram og greina ástæðu.

Lið sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður að mati mótanefndar telst hafa tapað leiknum 0-2. Viðkomandi lið getur ekki orðið Íslandsmeistari né bikarmeistari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan á næsta keppnistímabili og getur ekki varist falli þurfi stigamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Jafnframt getur lið ekki orðið Íslandsmeistari ef stigamismunur (innbyrðis úrslit) þarf til að skera úr um röð efstu liða.

Lið sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni telst hafa tapað leiknum með stigatölunni 0-2 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú stigatala ráða.

12. grein var 7. grein

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Þó er leikmönnum í lávarðardeild og konungadeild heimilt að leika með 1. aldursflokki karla. Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í Úrvalsdeild eða I. deild karla á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í lávarðardeild eða konungadeild.

Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin, nema í lávarðadeild og konungadeild, þar gilda undantekningalaust ákvæði 6. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

13. grein var 5. grein

Viðkomandi dómarafélag eða körfuknattleiksráð þar sem dómarafélag er ekki starfandi, skipar dómara og varamenn þeirra, tímaverði og ritara. Skal það gert með nægum fyrirvara og gildir það sama um mót og einstaka leiki (heimsóknir o.s.frv.). Velja skal óhlutdræga dómara og starfsmenn sem eru vanda sínum vaxnir hverju sinni. Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum. Skal framkvæmdaaðili sjá þesum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins.

Dómarar skulu hafa lokið tilskyldu prófi, en veita má undanþágu, ef sérstaklega stendur á og skera viðkomandi yfirvöld úr því. Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá fríar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði (sjá 26. grein). Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómeter. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKÍ. Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, að vera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna. Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild, I. deild karla, I. deild kvenna, lávarðadeild og unglingsflokkum karla er tekinn inn í dómaraarkostnað og skiptist jafnt á lið viðkomandi deildar. Gjald dagar verði fjórir og sá síðasti strax að loknu móti til að leiðrétta vangreiddan eða ofgreiddan dómaraarkostnað.

14. grein var 14. grein

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óverðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum.

Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fært þykir.

Félag, sem óskar að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara.

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

15. grein var 26. grein

1. KKÍ er heimilt að innheimt þáttökugjöld af flokkum, sem taka þátt í mótum, sem haldin er á vegum þess.
2. Félög skulu tilkynna þátttöku allra flokka í Íslandsmót og bikarkeppni eigi síðar en 1. júní. Þáttökutilkynningu skal fylgja staðfestingagjald vegna þátttöku í Íslandsmóti, 10% af þáttökugjaldi.
 - a) Hætti félag við þátttöku fyrir 1. september er staðfestingagjald óendurkræft.
 - b) Hætti félag við þátttöku eftir 1. september skal allt þáttökugjald ásamt staðfestingagjaldi greitt.
 - c) Hætti félag við þátttöku þegar innan við sjö dagar eru þar til keppni hefst (skv. mótabók KKÍ) eða ef keppni er hafin í viðkomandi flokki eða deild þá skal allt þáttökugjald greitt ásamt sektum að upphæð kr. 22.680,00 pr. lið í meistaraflokki karla og kvenna ásamt lávarðardeild og kr. 11.280,00 pr. lið fyrir aðra flokka.
 - d) Ef félög hætta þátttöku þá skulu þau tilkynna mótnefnd KKÍ það með sannanlegum hætti.

Sektir þessar skulu renna til KKÍ nema annað sé tekið fram.

3. Þáttökugjöld í Íslandsmóti greiðast í fernu lagi, þannig:

- 10% þáttökugjalds fyrir 1. júní.
- 30% þáttökugjalds fyrir 15. september.
- 30% þáttökugjalds fyrir 1. nóvember.
- 30% þáttökugjalds fyrir 15. desember.

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Þáttökugjöld í Bikarkeppni greiðast fyrir hvern leik, áður en hann fer fram.

16. grein var áður hluti 9. greinar

KKÍ hefur einkarétt á að halda kappleik undir heitinu "stjörnuleikur". Er einstökum félögum innan vébanda sambandsins óheimilt að halda kappleik þar sem heiti þetta kemur fram á einn eða annan hátt. Stefnt skal að því að halda stjörnuleik a.m.k. einu sinni á hverju keppnistímabili. Mótanefnd KKÍ hefur umsjón með stjörnuleik að höfðu

samráði við stjórn KKÍ og ákveður hverju sinni hvernig lið í stjórnuleik skulu valin.

17. grein var 24. grein

KKÍ er heimilt að semja um sjónvarpsréttindi að öllum leikjum í mótum sem haldin eru á vegum þess. Allar greiðslur vegna þessa skulu renna óskiptar til KKÍ.

18. grein var 20 grein

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum sem hér segir:

- a) Ef leikmaður fullnægir ekki skilyrðum um félagaskipti skulu félagi hans dæmdir tapaðir þeir leikir, sem hann tekur þátt í.
- b) Brot á 12. gr. varði leiktapi og ef sannast að leikmaður hafi visvitandi sagt rangt til aldurs skal hann sæta leikbanni til loka keppnistímabilsins.
- c) Lið, sem hættir leik, áður en dómari gefur merki um að leiktími sé liðinn, má setja í leikbann allt að sex mánuðum, bæði liðið sem heild og hvern einstakan leikmann og sæta sekt allt að kr. 57.240,00.
- d) Ef kappleikur er háður í banni viðkomandi körfuknattleiksráðs, skal aðgangseyrir gerður upptækur og renna til viðkomandi ráðs. Ef leikurinn er háður í banni KKÍ skal aðgangseyrir renna til KKÍ.
- e) Félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann, sem Aganefnd hefur úrskurðað í leikbann, skal sæta sekt að upphæð kr. 57.240,00, sé brotið framið í landsmótum 1. aldursflokka og bikarkeppni meistaraflokka. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera kr.13.200,00, auk þess að félagið telst hafa fyrirgert viðkomandi leik samkvæmt gildandi körfuknattleiksreglum.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

19. grein var 21. grein

Auk refsíakvæða þessara reglna, skal eftir atvikum beitt dóms- og refsíakvæðum ÍSÍ.

20. grein var 22. grein

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómstóls, innan 48 klst. frá því að brotið var framið. Áfrýjunarfrestur til 2. dómstígs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 300,00.

21. grein var 23. grein

Þar sem nefnt er ráð eða körfuknattleiksráð í þessum reglum er eins átt við héraðstjórn, ef ekki er um starfandi körfuknattleiksráð að ræða.

REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT OG BIKARKEPPNI KKÍ. 10. og 6. grein

22 grein

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið. Það félag sem sigrar í deildarkeppni eða í flokkakeppni yngri flokka hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari". Landsmót karla í meistaraflokki innanhús skal vera í þrem deildum Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild.

23. grein

ÚRVALSDEILD

Úrvalsdeild skal skipuð 10 liðum sem leika í tveimur riðlum sem aukenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Fyrstu drög að niðurröðun leikja liggi fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Síðan eru riðlarnir sameinaðir og lið raðast í lokastöðu Úrvaldeildar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli.

Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvors riðils. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 í riðli A leikur við lið númer 2 í riðli B og lið númer 1 í riðli B leikur við lið númer 2 í riðli A. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppni gilda þær reglur að efstu liðin í riðlakeppninni fá 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn fær það lið 1., 3. og hugsanlega 5. leik á heimavelli, sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í úrslitum í fyrstu 4 leikjum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til fimmta leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og

hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð:

Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni skulu dregin í sitt hvorn riðilinn. Þau sex lið sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt, lið nr. 5 í Úrvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 6 fer í B riðil, lið nr. 7 fer í A riðil, lið nr. 8 fer í B riðil. Það lið sem vinnur 1. deildina fer í A riðil og það lið sem vinnur keppnina um hitt sætið í Úrvalsdeildinni fer í B riðil.

Stjórn KKÍ er heimilt að auðkenna riðlanna með öðrum heitum.

Það félag sem sigrar í úrvalsdeild hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

24. grein

I. DEILD KARLA

1. DEILD karla skal skipuð 8 liðum, sem leika í tveimur riðlum, sem auðkenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvort riðils. Lið X, sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði Y, skal í annari umferð leika við lið Y á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið X, sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði Z skal í síðari umferð leika við lið Z á heimavelli þess o.s.frv. fyrstu drög að niðurröðun leikja liggi fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið raðast í lokastöðu innan riðlana skv. reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Neðsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og leikur þar næsta keppnistímabil.

Að lokinni riðlakeppni 1. deildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvorts riðils. Úrslitakeppnin skal háð þannig að efsta lið A riðils leikur við næst efsta lið B riðils og efsta lið B riðils leikur við næst efsta lið A riðils. Þau tvö liðm sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í tveimur leikjum tals Íslandsmeistari í 1. deild og færist upp í úrvalsdeild. Liðið sem lendir í öðru sæti leikur við liðið í næstneðsta sæti úrvalsdeildar. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að efstu liðin í hvorum riðli fá 1. og ef með þarf 3. leikinn á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um íslandsmeistaratitilinn í 1. deild fær það lið 1. og ef með þarf 3. leikinn á heimavelli, sem lenti ofar í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í íslandsmóti, en komi til 3. leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskiptingu skal taka mið af eftirfarandi reglu, en mótanefnd KKÍ getur þó í samráði við félögin ákveðið aðra riðlaskiptingu, þar sem tekið er tillit til landfræðilegra aðstæðna:

Í A riðli leika: Liðið sem féll úr úrvalsdeild, liðin sem lentu í 5. og 7. sæti í 1. deild.

Í B riðli leika: Liðið sem beið lægri hlut í úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild, liðið sem lenti í 6. sæti í 1. deild og liðið sem kom upp úr 2. deild.

Þau tvö önnur lið, sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni, skulu dregin í sitt hvorn riðilinn.

Það lið sem sigrar í I. deildar karla hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

25. grein**II. DEILD KARLA**

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild. Reynt skal að svæðisskipta deildinni eftir landsfjórðungum. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag eftir fjölda liða. Heimilt skal mótanefnd KKÍ að slá saman fjórðungum á þann hátt að lið á Norðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum ásamt Reykjavík og Reykjanesi verði saman og Austurland og Suðurland verði saman. Mótanefnd KKÍ ákveður þáttökugjöld í II. deild.

Í keppni II. deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Það félag sem sigrar í II. deild karla hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

26. grein**I DEILD KVENNA**

Í I. DEILD kvenna skal mótanefnd KKÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal haldin úrslitakeppni.

Það félag sem sigrar í I. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

27. grein**II. DEILD KVENNA**

Mótanefnd skal standa fyrir keppni í 2. deild kvenna.

Það félag sem sigrar í II. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari".

28. grein**I. ALDURSFLOKKUR KARLA OG KVENNA**

skal standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla og kvenna, verði þátttaka næg. Mótanefnd KKÍ ákveður keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda félaga sem taka þátt.

Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafnmarga leiki í 7. sæti í mfl. karla er ekki heimilt að nota einn þeirra í 1. aldursflokki. Þó er öðrum en 5 leikjahæstu leikmönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki.

29. grein**LÁVARÐADEILD**

Mótanefnd er heimilt að standa fyrir keppni í Lávarðadeild fáið næg þátttaka. Mótanefnd ákveður keppnisform með tilliti til þátttöku. Leikið skal á tímabilinu október til apríl.

Leikmaður öðlast keppnisrétt í Lávarðadeildinni frá og með þeim degi sem hann verður 30 ára.

Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í úrvalsdeild eða I. deild karla á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í Lávarðadeild.

30. grein

KONUNGADEILD

Mótanefnd er heimilt að standa fyrir keppni í konungadeild fáist næg þátttaka. Mótanefnd ákveður keppnisform með tilliti til þátttöku. Leikið skal á tímabilinu október til apríl.

Leikmaður öðlast keppnisrétt í konungadeildinni frá og með þeim degi sem hann verður 40 ára.

Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í úrvalsdeild eða I. deild karla á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í konungadeild.

Heimilt er að hafa aðeins þrjár umferðir sé aðeins einn riðill.

31. grein

ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKA.

Stefnt skal að því að Minnibolti 10 ára, 8. flokkur karla og kvenna, drengjaflokkur og Minnibolti kvenna leiki saman um helgi. Minnibolti 11 ára, 9. flokkur og stúlknaflokkur um aðra og 7. flokkur, 10. flokkur og unglingsflokkur kvenna um þá þriðju.

Keppnin skal fara fram á tímabilinu október til apríl.

Í riðlunum skal stefnt að því að leikið sé á laugardegi og sunnudegi og ef með þarf á föstudegi.

3 flokkar (3 leikir)	1-2, 1-3, 2-3.
4 flokkar (6 leikir)	1-2, 3-4, 1-3, 2-4, 2-3, 1-4.
5 flokkar (10 leikir)	1-2, 3-4, 1-5, 2-3, 4-5, 1-3, 2-4, 3-5, 1-4, 2-5.
6 flokkar (15 leikir)	1-2, 3-4, 5-6, 1-3, 2-5, 4-6, 1-5, 2-4, 3-6, 1-4, 2-6, 3-5, 1-6, 2-3, 4-5.

Raða skal niður leikjum í úrslitafjölliðamótum eftir ofangreindri töflu. Tafla þessi skal ekki vera bindandi séu flokkar svo fáir að ekki þurfi að keppa í riðlum né heldur í riðlakeppni íslandsmóts yngri flokka.

Ef lið taka þátt í Íslandsmóti sem ekki tók þátt í því árið áður skal það hefja keppni í lakaksta riðlinum eða í neðstu deild

Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig: 6 lið eða færri leika í einum riðli, 7-12 liða leika í tveimur riðlum, 13-18 lið skulu leika í þremur riðlum. Séu fleiri en 18 lið í flokki skal leikið í fjórum riðlum.

Þar sem fjöldi liða innan sama aldursflokks er misjafn milli riðla, skal efri riðill eða efri riðlar, hýsa fleiri lið en sá neðri, eða þeir neðri. Dæmi: 14 lið í flokk, þá eru 5 lið í A-riðli, 5 lið í B-riðli og 4 lið í C-riðli. Annað dæmi: 9 lið í flokk, þar eru 5 lið í A-riðli og 4 í B-riðli. Komi í ljós, áður en mót hefst, að forföll hafi orðið á þátttöku er mótanefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo að fjöldi liða í riðlunum verði sem jafnastur. Það skal

þó gert með tilliti til styrkleika liðanna.

Heimilt er að hafa 12 leikmenn á skýrslu í fjölleikmótum.

Verðlaun fyrir meistaramót má ekki afhenda, ef aðeins eitt lið tilkynnir þátttöku. Keppit skal um titilinn. Mótanefnd er heimilt að skipta landinu í keppnissvæði. Mótanefnd annast framkvæmd úrslitakeppni.

32. grein.

Aldur leikmanna miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót, er honum heimilt að leika með unglingsflokki út tímabilið, en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert.

33. grein.

Hverjum flokki má skipta í sveitir eftir styrkleika (A, B, C o.s.frv.) þó er félagi aðeins heimilt að senda eitt lið til keppni í meistaraflokki bandalags eða Íslandsmótsins. Við flokkun eftir styrkleika í A, B og C lið o.s.frv. innan sama aldursflokks, skulu eftirfarandi reglur gilda:

1. 10 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimilt að leika með B liði.
2. 20 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Ekki er heimilt að færa leikmenn milli liða á meðan að keppnisriðlar (fjölleikmót) standa yfir hverju sinni.

34. grein

UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Í unglingsflokki karla skal leikið í einum riðli (deild), ef félög eru 11 eða færri. Mótanefnd KKI skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 12 eða fleiri.

35. grein

DRENGJAFLOKKUR

Aldur: 16 og 17 ára.

Leiktími: 2 x 18 mínútur og 5 mínútna leikhlé í hálfleik.

Skipta skal liðum í drengjaflokki upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal ráða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri fyrra árs. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni síðasta árs skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal haldin úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

36. grein

10. FLOKKUR KARLA

Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur

Skipta skal liðum í 10. flokki karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 9. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 9. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

37. grein

9. FLOKKUR KARLA

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur.

Skipta skal liðum í 9. flokki karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 8. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem

töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 8. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli.

38. grein

8. FLOKKUR KARLA

Aldur: 13 ára eða 8. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Síðari hálfleikur 1 x 12 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum.

Skipta skal liðum í 8. flokki karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 7. flokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 7. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Í 8. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er.

Ef lið notar 10 leikmenn í 8. aldursflokki fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.

Leika skal á stórar körfur með bolta nr. 6 (kvennabolta).

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

39. grein

7. FLOKKUR KARLA

Aldur: 12 ára eða 7. bekkur grunnskólans

Leiktími: Fyrri hálfleikur 2 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. Síðari hálfleikur 1 x 12 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum.

Skipta skal liðum í 7. flokki karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 11 ára frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 11 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Í 7. flokki karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er. Ef lið notar 10 leikmenn í 8. aldursflokki fær það bónusstig. Þannig fær lið 3 stig fyrir sigur og 1 stig fyrir tap.

Leika skal á stórar körfur með minnibolta.

Það lið er Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í A-riðli í síðustu umferð.

40. grein

MINNIBOLTI KARLA 11 ÁRA

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínúta skal vera á milli leikhluta og 3 mínútur í hálfleik.

Skipta skal liðum í minnibolta karla upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta 11 ára frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta 11 ára á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum þrisvar sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 3. umferð A-riðils.

Í minnibolta karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er.

Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotunum, en hann má ekki leika fleiri en 2. Í 4. lotu má hvort lið taka 1 leikhlé. Þá er klukka stöðvuð og báðum liðum er heimilt að skipta leikmönnum inn á. Í minnibolta mega aðeins 4 leikmenn stilla sér upp við vítateig, þegar vítaskot eru tekin. Í minnibolta fær leikmaður ekki vítaskot ef brotið er á honum þegar hann skorar körfu. Dómarar skulu vera sparir á þriggja sekúndna dóma. Að öðru leiti gilda körfuknattleiksreglur eins og þær eru hverju sinni.

41. grein

MINNIBOLTI 10 ÁRA

Stjórn KKÍ er heimilt að ákveða að ekki verði keppt um Íslandsmeistaratitil í flokki minnibolta 10 ára og yngri. Skal stjórn KKÍ skipa nefnd til að annast keppnishald fyrir þann flokk, og skal stefnt að því að halda a.m.k. tvö mót á vegum KKÍ á keppnistímabilinu. Ekki skal veita verðlaun fyrir sigur í mótinu, en í samráði við minniboltanefnd skal veita viðurkenningarskjal fyrir þátttöku.

42. grein

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Aldur: 16, 17 og 18 ára

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur.

Skipta skal liðum í unglingsflokki kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri unglingsflokks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni unglingsflokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í unglingsflokkum skal leikið með kvennabolta nr. 6.

43. grein

STÚLKNAFLOKKUR

Aldur: 14 og 15 ára

Leiktími: 2 x 14 mínútur og 5 mínútna hálfleikur.

Skipta skal liðum í unglingsflokkum kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri stúlknaflökks frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni stúlknaflökks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Eftir fjórðu umferð í A-riðli skal leikin úrslitakeppni þar sem lið nr. 1 leikur einn leik gegn liði nr. 4 í A-riðli. Lið 2 leikur einn leik gegn liði 3 í A-riðli. Sigurvegararnir leika einn leik til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Ekki skal halda úrslitakeppni ef aðeins er leikið í einum riðli. Þá verður það lið Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í stúlknaflökki skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í stúlknaflökki, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er.

44. grein

8. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 12 OG 13 ára

Leiktími: 2 x 10 mínútur, og klukkan ekki stöðvuð. 1 mínútna hlé á milli, ekki skipt um körfu. Skyld er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til að ná bónusstigi. Síðari hálfleikur er 1 x 14 mínútur og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leikmanna leyfðar skv. körfuknattleiksreglum. Leikhlé leyft einu sinni hjá hvoru liði. Hlé milli hálfleika er 5 mínútur.

Skipta skal liðum í 8. flokki kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þátttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri 8. flokks kvenna frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni 8. flokks á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum fjórum sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 4. umferð A-riðils.

Í 8. flokki kvenna skal leikið með kvennabolta nr. 6.

Einungis er heimilt að leika maður á mann vörn í 8. flokki kvenna, en á eigin sóknarhelmingi er heimilt að leika hvaða vörn sem er.

45. grein

MINNIBOLTI KVENNA 11 ÁRA

Aldur: 11 ára eða 6. bekkur grunnskólans

Leiktími: 4 x 10 mínútur og klukka ekki stöðvuð. 1 mínúta skal vera á milli leikhluta og 3 mínútur í hálfleik.

Skipta skal liðum í minnibolta kvenna upp í 4 - 6 liða riðla eftir fjölda þáttökuliða hverju sinni. Leyfi þátttaka tvo riðla eða fleiri skal raða í riðlana eftir getu liðanna. Bestu liðin leika í A-riðli, þau næstu í B-riðli og þau lökustu í C-riðli.

Niðurröðun fyrir Íslandsmót skal fara eftir árangri minnibolta kvenna frá fyrra ári. Þau lið sem töpuðu fæstum leikjum í riðlakeppni minnibolta kvenna á síðasta ári skulu leika í A-riðli næsta keppnistímabil. Í B-riðli skulu leika þau lið sem á eftir komu og í C-riðli leika þau lið sem flesta tapleiki höfðu.

Leikið skal í A-riðlum þrisvar sinnum á keppnistímabilinu og þrisvar í B og C riðlum, eina helgi í senn og leika þá allir við alla innan sama riðils. Eftirfarandi færslur verða á liðum milli riðla eftir hverja umferð. Neðsta lið í A-riðli færist í B-riðil. Efsta lið í B-riðli færist í A-riðil. Neðsta lið B-riðils færist í C-riðil og efsta lið C-riðils færist í B-riðil í næstu umferð.

Það lið verður Íslandsmeistari sem flest stig hlýtur í 3. umferð A-riðils.

Í minnibolta kvenna er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er.

Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3 lotonum, en hann má ekki leika fleiri en 2. Í 4. lotu má hvort lið taka 1 leikhlé. Þá er klukka stöðvuð og báðum liðum er heimilt að skipta leikmönnum inn á. Í minnibolta mega aðeins 4 leikmenn stilla sér upp við vítateig, þegar vítaskot eru tekin. Í minnibolta fær leikmaður ekki vítaskot ef brotið er á honum

þegar hann skorar körfu. Dómarar skulu vera sparir á þriggja sekúndna dóma. Að öðru leiti gilda körfuknattleiksreglur eins og þær eru hverju sinni.

46. grein var 15. grein

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokkur karla og kvenna
- b) Unglingaflokkur karla og kvenna
- c) Drengjaflokkur
- d) Stúlknaflokkur
- e) 10. aldursflokkur
- f) 9. aldursflokkur

Framkvæmd bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KKÍ. Öllum aðildarfélögum er heimilt að senda lið til þátttöku í bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í I. aldurs-flokkum, telst það lið A lið sem tekur þátt í deildakeppni. Í öllum öðrum aldursflokkum er heimilt að senda tvö lið. Leikmenn sem hafa leikið með A-liði mega ekki leika með B-liði og öfugt. Lið sem leika sem A-lið í íslandsmóti teljast A-lið í bikarkeppni. Keppnin er með útsláttarfyrrkomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

Leika skal þannig að fjöldi þátttökuliða verði sem svo fljótt sem unnt er heilt veldi af tveimur. Í bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í sextán liða úrslitum ásamt þeim liðum sem þá eru eftir úr neðri deildunum.

Val á liðum í lausu sætin í sextán liða úrslitum í 1. aldursflokkum og í síðari umferðum keppninnar, svo og í yngri flokkum, fer þannig fram að dregið er um það hvaða lið leika saman, Draga skal til skiptis þau tvö lið er leika saman, 1 og 2, 3 og 4 o.s.frv. Fær það lið, sem fyrr er dregið, heimaleik. Það lið, sem sigrar kemst áfram í næstu umferð.

Þau lið sem taka þátt í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla og keppa um 6 lausu sætin skulu byrja á því að taka þátt í svæðisskiptri bikarkeppni. Svæðin skulu vera 4. Vestfirðir/vesturland, Reykjanes/Reykjavík/Suðurland, Norðurland og Austurland. Á hverju þessara svæða skal leika með bikarkeppnisfyrrkomulagi uns eitt lið er eftir á hverju svæði, nema í Reykjanes/Reykjavík/Suðurland svæðinu, þar skal leika uns þrjú lið eru eftir. Mótanefnd KKÍ er heimilt að fjölga eða fækka svæðum og breyta þeim fjölda liða sem kemst úr hverju svæði í 16 liða úrslitum ef ástæða þykir til vegna þátttöku.

Í 1. aldursflokkum karla og kvenna skal úrslitaleikurinn fara fram í íþróttahöllinni í Laugardal nema þau lið sem keppa til úrslita komi saman um annað í samráði við mótanefnd. Í öðrum flokkum skal úrslitaleikurinn fara fram á hlutlausum velli.

Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áður nefndum dagsetningum séu til gildar ástæður að mati nefndarinnar.

Leiki í Bikarkeppni yngri flokka er heimilt að leika í æfingatímum félaga sé slíkt

hentugt.

Innkoma að frádregnum kostnaði vegna húsaleigu (hámark 16%) og vegna dómara skal skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf. Aðgöngumiðar á leiki í bikarkeppni skulu vera númeraðir.

Lið sem mætir ekki til leiks í bikarkeppni án gildra ástæðna að mati mótanefndar fellur samstundis úr keppni.

47. grein var áður 27. grein

Sigurvegurum í islandsmóti og bikarkeppni skal afhenda verðlaunapeninga skv. eftirfarandi reglum.

Í bikarkeppni skal afhenda þeim liðum sem leika til úrslita verðlaunapeninga, hvoru lið 14 peninga (gull og silfur). Í islandsmóti skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem eru í 1. og 2. sæti, 14 peninga hvoru liði.

REGLUGERÐ KKÍ UM FÉLAGASKIPTI.

1.grein

Hlutgengi:

- a) Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KKÍ er hver sá íslenskur ríkisborgari sem félagsbundinn er í félagi innan KKÍ, og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma. Félagaskipti og hlutgengi annarra en íslenskra ríkisborgara fer eftir reglugerð um erlenda leikmenn.
- b) Þar sem reglur um hlutgengi leikmanns, sem leikur með fleiri en einum keppnisflokki, stangast á, skal viðkomandi leikmaður einungis hlutgengur með þeim flokki/flokkum þar sem hann uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar. Leikmaður getur einungis verið hlutgengur í einu félagi í einu.
- c) Um hlutgengi íslenskra ríkisborgara og félagaskipti á milli annars ríkis innan FIBA, skulu reglur FIBA gilda eins og þær eru hverju sinni. Er leikmanni ekki heimil keppni erlendis fyrr en KKÍ hefur gefið út leyfi (letter of clearance) samkvæmt reglum FIBA.
- d) Hlutgengi eða félagaskipti leikmanna er dvalist hafa um tíma erlendis við nám eða vinnu í ríki utan FIBA, og leikið þar körfuknattleik með félags- eða skólaliði, skal háð samþykki félagaskiptanefndar. Getur nefndin krafist viðkomandi leikmann um gögn er hún telur nauðsynleg s.s. gögn um aðild félags/skóla að sérsambandi þess ríkis. Skal nefndin við ákvörðun sína bundin af ákvæðum 8.gr. móta- og keppendareglna ÍSÍ.

2.grein

Tímabil félagaskipta:

- a) Tímabil félagaskipta skulu vera tvö, innan og utan keppnistímabils, og gilda um þau mismunandi reglur. Meginregla félagaskipta skal vera sú að þau fari fram utan keppnistímabils, á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst ár hvert. Félagaskipti utan keppnistímabils eru frjáls í öllum flokkum, að öðru leyti en leiðir af reglugerð þessari. Tímabilið 1. september til 30. apríl telst vera keppnistímabil samkvæmt reglugerð þessari.
- b) Í öllum flokkum öðrum en mfl. karla skulu félagaskipti á keppnistímabili fram til 15. febrúar, vera frjáls ef bæði félög sem aðild eiga að félagaskiptunum rita undir beiðni um félagaskiptin, auk viðkomandi leikmanns. Ef leikmaður uppfyllir hlutgengisreglur, og beiðni uppfyllir formreglur reglugerðar þessarar, verður leikmaður er óskar félagaskipta á keppnistímabili löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ, en utan keppnistímabils taka félagaskipti gildi um leið og KKÍ hefur móttekið lögmeða beiðni um félagaskipti. Þegar beiðni um félagaskipti er send í pósti

skal dagsetning póststimpils gilda sem móttökudagur.

- c) Félagaskiptum utan keppnistímabils, í öllum keppnisflokkum, skal synjað ef skráður hefur verið leikmannasamningur hjá félagaskiptanefnd er bindur viðkomandi leikmann fram að næsta keppnistímabili, eða á þeim tíma er beiðni um félagaskipti er móttækin á skrifstofu KKÍ. Gilda þá reglur um félagaskipti eins og þær eru á keppnistímabili.
- d) Félagaskiptum í mfl. karla á keppnistímabili er skipt í þrjá hluta. Fyrsti hluti keppnistímabils telst vera 1. september til 15. desember, og eru á þeim hluta sömu skilyrði félagaskipta og skv. b-lið. Annar hluti keppnistímabils telst vera frá 16. desember til 15. febrúar, og þarf á þeim tíma, auk skilyrða b-liðs, samþykki félagaskiptanefndar. Þriðji hluti keppnistímabils telst vera frá 16. febrúar til 30. apríl, og eru félagaskipti á þeim tíma með öllu óheimil.
- e) Hafi leikmaður ekki leikið með nokkru félagi innan KKÍ næstliðið keppnistímabil á undan þá fer um félagaskipti skv. þeim reglum sem gilda utan keppnistímabils, hvort sem beiðni um félagaskipti kemur fram innan eða utan keppnistímabils.
- f) Ágreiningi um félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til félagaskiptanefndar, að uppfylltum kæruskilyrðum. Heimilt er félagaskiptanefnd að úrskurða hvern aðila málsins til greiðslu gjalds skv. f-lið 3. gr.

3.grein

Félagaskiptanefnd:

- a) Félagaskiptanefnd skal skipuð fjórum nefndarmönnum. Ársþing KKÍ skal kjósa þrjá menn í félagaskiptanefnd, auk þriggja varamanna, til eins árs í senn. Stjórn KKÍ tilnefnir formann, auk varamanns. Verði atkvæðagreiðsla innan nefndarinnar jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Hlutverk félagaskiptanefndar skal m.a. vera að úrskurða um ágreining er varðar félagaskipti samkvæmt reglugerð þessari.
- b) Félagaskiptanefnd annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag senda félagaskiptanefnd yfirlýsingu um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu skv. samningnum og hvaða skilyrðum félagaskipti leikmannsins eru bundin. Skal tilkynningin vera undirrituð bæði af viðkomandi félagi og leikmanni. Leikmannasamningar sem ekki eru skráðir valda ekki synjun félagaskipta utan keppnistímabils sbr. c-lið 2. gr.
- c) Kæruheimild til félagaskiptanefndar hafa félög þau er aðild eiga að skiptunum, auk viðkomandi leikmanns. Kæruheimild í tengslum við d-lið 1. gr. eiga öll félög í viðkomandi deild. Úrskurði félagaskiptanefndar verður ekki áfrýjað.

- d) Félagaskiptanefnd hefur vald til að heimila félagaskipti skv. b-lið 2.gr. þrátt fyrir að félag sem aðild á að skiptunum neiti að rita undir beiðni leikmanns um félagaskipti, ef ekki standa nægileg rök til þeirrar neitunar að mati nefndarinnar.
- e) Á öðrum hluta keppnistímabils í mfl. karla skulu öll félagaskipti háð samþykki félagaskiptanefndar. Meginreglan skal vera sú að synja um félagaskipti á þeim hluta nema mjög sérstakar ástæður séu fyrir hendi.
- f) Framkvæmdastjóri KKÍ hefur með höndum milligöngu við félagaskiptanefnd. Ef skjóta þarf máli til félagaskiptanefndar skal erindi sent til skrifstofu KKÍ, ásamt greinargerð þess er óskar úrskurðar nefndarinnar. Skal félagaskiptanefnd gefa öllum aðilum málsins viku frest til að skila greinargerð af sinni hálfu, og skal úrskurður nefndarinnar liggja fyrir innan tveggja vikna frá upphaflegu erindi. Úrskurði nefndin að félagaskipti skuli heimiluð þá lengir meðferð málsins ekki mánaðarfrest skv. b-lið 2. gr., heldur skal viðkomandi leikmaður verða löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði frá móttöku upphaflegs erindis á skrifstofu KKÍ.
- g) Aðili er óskar úrskurðar félagaskiptanefndar, skal greiða gjald til KKÍ, sem stjórn sambandsins ákvarðar á fyrsta fundi að afloknu ársþingi hvert ár. Skal það gjald gilda um öll félagaskipti er koma til kasta nefndarinnar fram að næsta ársþingi á eftir. Heimilt er stjórn KKÍ að ákveða mismunandi gjaldflokka eftir keppnisflokkum.
- h) Nefndarmaður í félagaskiptanefnd skal vikja sæti ef félag hans á aðild að félagaskiptum þeim er til meðferðar eru, og skal varamaður hans taka sæti við meðferð þess máls. Sömu vanhæfisreglur gilda um varamenn. Engar aðrar takmarkanir eru á sérstöku hæfi nefndarmanna.

4. grein

Framkvæmd félagaskipta:

- a) Beiðni um félagaskipti skal gerð á félagaskiptaeyðublaði útgefnu af KKÍ. Í beiðni skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og keppnisflokkur/-flokkar viðkomandi leikmanns, og félög þau er aðild eiga að félagaskiptunum. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi leikmanni og lögmætum fulltrúa þess félags, sem gengið er úr.
- b) Fyrir félagaskipti skal leikmaður greiða KKÍ ákveðið grunngjald sem stjórn KKÍ ákveður á fyrsta fundi eftir ársþing hvert ár. Við fyrstu félagaskipti greiðir leikmaður einfalt grunngjald, en skipti leikmaður aftur um félag fyrir lok keppnistímabilsins tvöfaldast grunngjaldið, fjórfaldast í þriðja skipti o.s.frv.
- c) Beiðni um félagaskipti sendist til skrifstofu KKÍ, og skal árita þar móttökudag beiðninnar. Ef beiðni um félagaskipti uppfyllir efnis- og formreglur reglugerðar þessarar, og þarfnast ekki meðferðar félagaskiptanefndar, skal beiðni um

félagaskipti staðfest innan viku frá móttöku beiðinnar.

- d) Ef beiðni um félagaskipti er synjað á grundvelli reglna þessara skal hún endursend viðkomandi aðila innan viku frá móttöku ásamt stuttum rökstuðningi fyrir synjun. Ef einungis er um formgalla á beiðni að ræða skal gefa viðkomandi vikufrest til að bæta úr þeim göllum, og skal þá upphaflegur móttökudagur gilda. Ef úrskurðar félagaskiptanefndar er þörf til að beiðni sé tekin til greina skal tilkynna aðilum um það, en félagaskipti miðast þá við móttökudag nýrrar beiðni.

5. grein

Ákvæði til bráðabirgða:

Félagaskipti fram til 1. ágúst 1992 skulu fara samkvæmt reglum um félagaskipti innan keppnistímabils.

REGLUGERÐ FYRIR ERLENDA LEIKMENN.

1. Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slíkir leikmenn löglegir strax, að undangengnu samþykki stjórnar KKÍ, sé farið að reglum FIBA.
2. Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. Keppnisleyfið gildir út viðkomandi keppnistímabil.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

3. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir erlenda leikmenn.
4. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. ágúst í mótum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag sem á þessu tímabili leikur í sömu deild eða í deild fyrir ofan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendum leikmanni er heimilt, með samþykki þess félags sem hann spilaði síðast hjá að skipta um félag hérlendis sem á þessu tímabili leikur í deild fyrir neðan það félag sem hann spilaði síðast hjá. Erlendur leikmaður sem óskar félagsskipta verður löglegur með hinu nýja félagi einum mánuði eftir móttöku beiðni um félagaskipti á skrifstofu KKÍ. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði er félag tekur þátt í Evrópukeppni. Öll félagaskipti erlendra leikmanna eftir 15. desember eru óheimil.

Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef félagslið tekur þátt í Evrópukeppni þar sem heimillt er að hafa tvo erlenda leikmenn.

5. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Vísað er þó í 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn. Þó getur félag ekki neitað að samþykkja félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl.
6. Standi erlendur leikmaður hjá félagsliði ekki undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar eða brýtur á einhvern hátt samkomlag það sem félag hefur gert við hann er félagi heimilt að fá annan erlendan leikmann í hans stað. Nýr leikmaður verður þó löglegur samtímis og stjórn KKÍ hefur gefið út nýtt keppnisleyfi.
7. Stjórn KKÍ getur afturkallað keppnisleyfi einstakra leikmanna ef:
 - a) Sannast að gögn sem lögð voru fram með umsókn voru röng.
 - b) Leikmenn gerast sekir um gróft eða endurtekið ofbeldi í leik eða sýna ítrekað óþrúðmannalega framkomu við dómara eða starfsmenn leiks.

8. Sömu agareglur gilda fyrir erlenda leikmenn og íslenska leikmenn, nema annað sé tekið fram.

REGLUGERÐ FYRIR MÓTANEFND

1. Stjórn KÍ skipar þrjá menn í mótanefnd. Formann nefndarinnar skal skipa sérstaklega. Allsherjarnefnd er heimilt að tilnefna annan eða báða hina nefndarmennina.
2. Mótanefnd skal í samræmi við gildandi reglur hafa á hendi yfirstjórn og eftirlit með framkvæmd Íslandsmóts, Bikarkeppni KÍ og keppni í Minnibolta.
3. Verkefni mótanefndar er:
 - a) að gera tillögur að deildarskipulagi.
 - b) að gera tillögur að leikjafyrirkomulagi í samráði við framkvæmdaaðila í héraði. Ef lið í Úrvalsdeild karla eða í I. deild karla eða kvenna þarf að leika heimaleik utan héraðs skal mótanefnd annast framkvæmd þeirra.
 - c) að taka ákvörðun um frestun og niðurfellingu leikja.
 - d) að skoða og samþykkja leikvelli og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur.
 - e) að banna notkun leikvalla, ef nauðsyn krefur.
 - f) að samræma keppnisdaga, svo íþróttaviðburðir falli eigi saman að nauðsynjalausu.
 - g) að gera tillögu að leikjaskrá til stjórnar KÍ. Stjórn KÍ sér um útgáfu leikskrár og innheimtu þátttökugjalda.
4. Mótanefnd auglýsir eftir þátttökutilkynningum fyrir Íslandsmót, Bikarkeppni KÍ og Minniboltamóti og tekur á móti þeim eða veitir framkvæmdaaðila í héraði (svæðanefnd) umboð til þess.
5. Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts og Bikarkeppni skal skila til mótanefndar fyrir 1. júní sbr. 26. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Þátttökutilkynningar skulu vera skriflegar. Sama gildir um sérstakar óskir sem félögin vilja koma á framfæri. Mótanefnd sendir út uppkast að leikjaskrá fyrir 20. ágúst. Félög hafa frest til 1. september til að skila athugasemdum og draga flokka úr keppni sbr. 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Mótanefnd skilar stjórn KÍ endanlegri tillögu að leikjaskrá fyrir 20. september. Stjórn KÍ annast útgáfur leikjabókar og innheimtu þátttökugjalda.
6. Mótanefnd er heimilt að skipa sérstakar svæðisnefndir. Svæðisnefndirnar eru skipaðar einum fulltrúa frá hverju félagi á svæðinu. Svæðisnefndirnar eru undirnefndir Mótanefndar og starfa í umboði hennar. Svæðisnefndirnar skulu skipa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem sjái um framkvæmd svæðismóta.
7. Boða þarf til leiks með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Mótanefnd er skylt að tilkynna breytingar á leikskrá með sannanlegum hætti. Ef boða þarf til leiks vegna breytinga á mótaskrá skal það gert með minnst viku fyrirvara.
8. Félög skulu tilnefna sérstakan mann, samstarfsmann til að annast samskipti við mótanefnd. Samstarfsmenn skulu hafa aðgang að síma, svo unnt sé að ná sambandi við þá með stuttum fyrirvara. Félögin skulu tilkynna mótanefnd nöfn, heimilisföng, heimasíma og vinnusíma

samstarfsmanna sinna.

9. Mótanefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fasta viðtalstíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.
10. Mótanefnd skal í samvinnu við dómarnefnd skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefi umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.
11. Öll málefni sem skv. gildandi reglum eiga að ákvarðast af stjórn KKÍ skulu send stjórninni til umsagnar áður en mótanefnd afgreiðir málið.
12. Mótanefnd skilar skýrslu um starfsemi sína til stjórnar KKÍ þremur vikum fyrir körfuknattleiksping.

REGLUGERÐ FYRIR DÓMARANEFND

1. Yfirstjórn allra dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefnist dómaranefnd. Stjórn KKÍ skipar einn mann í nefndina en starfandi dómara tvo. Nefndin kys sér formann.
2. Nefndin raðar dómurum á alla leiki meistarflokks íslandsmóti og bikarkeppni, lávarðardeild og unglingsflokki, alla úrslitaleiki í öðrum flokkum, skólamótum og firmakeppni.
3. Dómaranefnd skal skipuleggja og sjá um í minnsta lagi tvö dómaramámskeið á hverju ári (ef þátttaka fæst), þar af annað að hausti áður en keppni hefst. Dómaranefnd skal einnig skipuleggja og sjá um útgáfu og dreifingu upplýsinga um dómaramál.
4. Nefndin skipar dómurum í þrjá flokka:
 1. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma í úrvalsdeild.
 2. Dómarar sem hafa réttindi til að dæma aðra meistaraflokksleiki.
 3. Unglingadómarar sem hafa réttindi til að dæma yngri flokka.

Dómaranefnd skal halda skrá yfir alla dómara innan KKÍ og réttindi þeirra.

5. Dómaranefnd setur dómurum starfsreglur í upphafi keppnistímabils og kynnir félögum.
6. Dómarar skulu vera launaðir. Hvert félag skal greiða dómaranefnd ákveðið gjald, dómara gjald, fyrir hvern leik. Stjórn KKÍ ákvarðar upphæð upphæð dómara gjalds. Stjórn KKÍ ásamt dómaranefnd ákveður hlut dómara í dómara gjaldi.
Félögin skulu greiða dómara gjöld sín á eftirfarandi hátt:
 - a) Helmingur áætlaðra dómara gjalda skal greiddur sem hér segir:
 - 1/3 hluti fyrir 15. september
 - 1/3 hluti fyrir 1. nóvember
 - 1/3 hluti fyrir 15. desember
 - b) Eftirstöðvar dómara gjalda skal greiða fyrir 1. feb.

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

7. Dómaranefnd skal skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppni svo og úrslitaleiki í bikarkeppni og skal viðkomandi hafa dómara réttindi. Dómaranefnd er heimilt að skipa eftirlitsmann á aðra leiki ef þurfa þykir eða ef stjórn KKÍ óskar þess. Verksvið viðkomandi eftirlitsmanns skal vera hið sama og hjá eftirlitsmanni (commissioner) hjá FIBA. Eftirlitsmaður skal fá greitt sömu laun og dómari leiksins og skal gjaldið greiðast af þeim félögum sem þátt taka í leiknum.
8. Dómaranefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðverutíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

REGLUGERÐ UM AGANEFND KKÍ.

1.grein

Skipun/hlutverk.

- a) Aganefnd KKÍ skal skipuð 3 aðalmönnum, og þremur til vara. Nefndarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn. Skal ársþing KKÍ kjósa tvo nefndarmenn á ársþingi hvert ár, auk tveggja varamanna. Formaður skal tilnefndur af stjórn KKÍ, auk varamanns hans.
- b) Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óþrúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum kappleikjum sem fram fara á vegum KKÍ (íslandsmót, bikarkeppni og landsleikir) enda fjalli FIBA ekki um málið. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leik. í leikhléi eða eftir að leik lýkur.
- c) Tilgangur aganefndar er jafnframt að koma með ábendingar til stjórnar og ársþings KKÍ varðandi reglubreytingar og aðgerðir er stuðlað geta að því að fyrirbyggja agabrot, enda samræmist það markmiði nefndarinnar að draga úr og takmarka óþrúðmannlega framkomu í keppni innan KKÍ.
- d) Nefndarmaður skal vikja sæti ef félag hans átti aðild að kappleik þeim er hið kærða atvik átti sér stað í, og skal varamaður taka sæti hans. Aðrar takmarkanir eru ekki á sérstöku hæfi nefndarmanna.

2.grein

Form/aðild kæru:

- a) Kæra til aganefndar skal vera skrifleg, og hafa borist skrifstofu KKÍ innan tveggja sólarhringa frá því að kappleik lauk, eða hinu kærða atviki. Aganefnd er þó heimilt að taka fyrir kæru sem borist hefur allt að sjö sólahringum frá hinu kærða atviki, ef rökstuddar ástæður liggja að baki töfinni.
- b) Í kæru skal greina glöggst hver/hverjir eru kærðir, fyrir hvaða brot sé kært, stað og stund hins kærða atviks, aðila er urðu vitni að hinu kærða atviki og lauslega málavexti ef tilefni er til.
- c) Kæruaðild gagnvart leikmönnum, félögum, aðstandendum liðs og áhorfendum er í höndum dómara viðkomandi leiks, eða forsvarsmanna þess félags sem misgert telst við. Ef brot getur valdið KKÍ álitshnekki út á við skal stjórn KKÍ heimil kæruaðild. Kæruaðild gagnvart dómurum er í höndum leikmanna, aðstandenda liðs eða forsvarsmanna félaga.
- d) Fyrir kæru forsvarsmanns félags á hendur leikmanni eða félagi, skal kærandi leggja fram kr. 10.000 tryggingu til KKÍ, sem endurgreiðist ef kærði fær áminningu, er dæmdur í bann eða sekt. Fyrir kæru á hendur dómara skal trygging þessi nema kr. 20.000. Heimilt er aganefnd að endurgreiða helming

tryggingar ef kærði hlýtur áminningu. Fyrir kæru frá dómara eða stjórn KKI skal trygging ekki lögð fram.

3.grein

Störf aganefndar:

- a) Fundir aganefndar skulu haldnir á þriðjudögum. Kæra sem sannanlega berst til skrifstofu KKI fyrir kl. 13:00 á mánudegi skal tekin fyrir í þeirri viku, en kæra sem berst eftir þann tíma skal tekin fyrir næsta þriðjudag þar á eftir. Tilkynna skal hinum kærða aðila um efni kærunnar, og gefa honum sólarhringsfrest til að skila gögnum varðandi kærana fyrir fund aganefndar og/eða óska eftir málflutningi um málið.
- b) Heimilt er formanni aganefndar að boða til fundar á öðrum tímum, ef ætla má að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna ónógra eða villandi upplýsinga, og nýjar upplýsingar hafa komið fram eftir að úrskurður var kveðinn upp. Formaður hefur heimild til að boða aukafundi undir sérstökum kringumstæðum, ef hann telur nauðsyn til, svo sem vegna fjölíðamóts.
- c) Í úrslitakeppni allra flokka skal aganefnd kvödd saman um leið og kæra berst skrifstofu KKI. Formaður aganefndar ákveður tímamörk er gefin skulu aðilum til gagnaöflunar og skýrslugjafar í þeim málum, en málshraði skal vera eins mikill og kostur er.
- d) Heimilt er með samþykki allra nefndarmanna aganefndar að halda fundi nefndarinnar með aðstoð síma eða annarra fjarskiptatækja, enda leiki ekki vafi á afstöðu hins fjarstadda nefndarmanns.
- e) Formaður aganefndar ákvarðar hvort málflutningur (skriflegur eða munnlegur) skuli heimilaður, að kröfu hins kærða. Málflutningur skal jafnan ekki heimilaður fyrir minna brot en beina brottvísun leikmanns eða forsvarsmanns af keppnisstað, eða ef formaður telur möguleika skv. efni kæru, að hún kunni að leiða til tveggja leikja banns eða meira. Málflutningur frestar ekki meðferð máls.
- f) Aganefnd byggir úrskurð sinn á efnisatriðum kæru, leikskýrslu viðkomandi leiks, skýrslu dómara, vitnaskýrslum og framburði aðila, auk annarra gagna er borist hafa á fundi þeim er hið kærða atvik er til meðferðar. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina, þ.m.t. myndbandsupptökur, vitnaskýrslur o.fl., auk fyrrgreindra gagna, og er heimilt að byggja úrskurð sinn á öðrum gögnum ef nefndin telur þau varpa ljósi á málið. Allur vafi skal metinn kærða í hag.
- g) Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd bundin af lögum og reglugerðum KKI, fordæmum aganefndar er samræmast gildandi reglum, dóms- og refsíakvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum FIBA. Aganefnd skal bundin af ákvörðun dómara leiks, s.s. varðandi brottvísun eða tæknivillu.
- h) Aganefnd er heimilt að taka til meðferðar kæru á agabroti sem framið var án

vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum.

4. grein

Viðurlög við brotum:

- a) Ef dómari vísar aðila (leikmanni, þjálfara eða liðsstjóra) af leikvelli eða keppnisstað, skal viðkomandi úrskurðaður í eins leiks bann. Við aðra brottvísun á keppnistímabilinu skal viðkomandi úrskurðaður í tveggja leikja bann, og fyrir þriðju og síðari brottvísanir á keppnistímabilinu skal viðkomandi aðili úrskurðaður í leikbann eftir mati aganefndar.
- b) Hafi aðila verið vísað af leikvelli eða keppnisstað fyrir alvarlega grófan leik, ofsalega framkomu eða viljandi líkamsmeiðingar, er aganefnd heimilt að úrskurða viðkomandi í allt að 12 leikja eða 3 mánaða leikbann. Fyrir ítrekað brot á keppnistímabili skal refsing vera minnst 6 leikja bann.
- c) Brot í hverjum aldursflokki skal farið með sérstaklega. Þó skal aganefnd heimilt að úrskurða aðila í bann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.
- d) Ef áhorfendur gerast sekir um vitaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum eða öðrum áhorfendum leiks, er aganefnd heimilt að svipta viðkomandi heimalið heimaleikjum og/eða úrskurða það til greiðslu sektar til KKÍ að mati aganefndar. Ef atvik þykja ekki það alvarleg að svipting leikja verði úrskurðuð, er aganefnd heimilt að áminna viðkomandi félag og/eða gera ábendingar er lúta að tryggara öryggi aðila og dómara. Verði um ítrekuð brot að ræða innan keppnistímabils þrátt fyrir áminningu, og ekki hefur verið orðið við ábendingum aganefndar, skal svipta viðkomandi lið a.m.k. tveimur heimaleikjum. Aganefnd skal meta heimaliði til málsbóta ef sannað þykir að áhorfendur útiliðs áttu upptök að, eða stærstan þátt í, hinni kærðu framkomu. Aganefnd skal meta heimaliði það til málsbóta, ef öryggisgæsla telst hafa verið nægjanleg.
- e) Gerist dómari sekur um óþrúðmannlega framkomu gagnvart leikmanni, forsvarsmanni liðs, þjálfara, liðsstjóra eða starfsmanni leiks eða öðrum viðstöddum er aganefnd heimilt að veita viðkomandi dómara áminningu, eða úrskurða hann til greiðslu sektar ef brot er ítrekað eða alvarlegt. Sekt skal ekki nema hærrí fjárhæð en kr. 20.000. Allur vafi í kærúmalum skv. þessari málsgrein, skal metinn viðkomandi dómara til sýknu.

5. grein

Úrskurðir aganefndar:

- a) Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggst hver hinn kærði sé, í hvaða leik hið kærða atvik átti sér stað, fyrir hvaða brot kæra taki til, og á hvaða forsendum aganefnd byggir úrskurð sinn. Bóka skal í úrskurði hverjir nefndarmanna kveði upp úrskurðinn, og skiptingu

atkvæða ef úrskurður er ekki einróma.

- b) Úrskurð sinn skal aganefnd tilkynna strax að loknum fundi með skeyti eða símbréfi til formanns körfuknattleiksdeildar er hinn kærði aðili heyrir undir, eða hins kærða dómara. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs hvílir á móttakanda.
- c) Úrskurðir aganefndar taka gildi kl. 12:00 á hádegi næsta föstudag eftir uppkvaðningu úrskurðarins. Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður tekur gildi.
- d) Úrskurðum aganefndar verður ekki áfrýjað, nema refsing varði a.m.k. 12 leikja eða 3 mánaða banni. Slíkum úrskurðum verður áfrýjað til dómstóls KKÍ innan viku frá uppkvaðningu. Áfrýjun frestar ekki afplánun refsingar.
- e) Kærði öðlast engar kröfur, bótakröfur né félagslegar kröfur, á hendur KKÍ vegna úrskurða aganefndar, hvort sem röngum úrskurði er breytt á grundvelli endurskoðunar skv. b-lið 3. greinar, eða á grundvelli áfrýjunar skv. d-lið 5. greinar.

6. grein

Afplánun refsingar:

- a) Refsingar aganefndar á hendur leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og félögum skv. a-b.lið 4. greinar, er einungis hægt að afplána í opinberum leikjum á vegum KKÍ og innan sama aldursflokks og viðkomandi brot var framið. Ef úrskurður kveður á um leikbann í tiltekinn fjölda leikja skal refsing afplánuð í þeim leikjum sem framundan eru á þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp. Frestist leikur, sem aflána skal refsingu í, skal afplánun frestast uns leikurinn fer fram. Breytingar á leikjaniðurröðun mótakeppni hefur ekki áhrif á tímabundið leikbann.
- b) Þegar leikmaður er hlutgengur í fleiri en einum aldursflokki á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu skv. a-lið í þeim aldursflokki þar sem hann hefur unnið til hennar. Refsing getur þó náð til allra aldursflokka sbr. c-lið 4. greinar.
- c) Úrskurðir á hendur félögum skv. d-lið 4. greinar miðast við næstu heimaleiki innan sama aldursflokks, án tillits til breytingar á niðurröðun leikja eftir uppkvaðningu úrskurðar, enda sé þar um að ræða opinberan heimaleik félagsliðsins í móti á vegum KKÍ.
- d) Úrskurðir um sektir á hendur dómurum taka þegar gildi, og er KKÍ heimilt að halda eftir greiðslum til viðkomandi dómara uns sektin er greidd.
- e) Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsinguna í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða liði hann verður hlutgengur á þeim tíma.

REGLUGERÐ FYRIR LANDSLIÐSNEFND

1. Landsliðsnefnd skipa 4-6 menn. Þeir eru skipaðir af stjórn KKÍ. Landsliðsnefnd ræður landsliðsþjálfara í samráði við stjórn KKÍ.
2. Landsliðsnefnd og landsliðsþjálfari annast val allra landsliða og skal í samráði við stjórn KKÍ semja við önnur lönd um landsleiki, svo og þátttöku í mótum.
3. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefnd ákveðna upphæð til starfsemi nefndarinnar.
4. Stjórn KKÍ skal setja nefndinni erindisbréf, þar sem ákveðið er fyrirkomulag þeirra mála sem ekki eru ákveðin í lögum og reglugerðum KKÍ.

REGLUGERÐ VARÐANDI AUGLÝSINGAR Á BÚNINGUM OG BÚNAÐI KÖRFUKNATTLEIKSLIÐA

1. Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir eða þjónustu, sem ekki vinna gegn hugsjónum íþróttanna. Hvatningarorð verða ekki samþykkt.
2. Hæð auglýsingar má í mesta lagi vera 15 cm.
3. Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og/eða æfingapeysur, skó og töskur. Setja má auglýsingu á keppnisbuxur og sokka að fengnu leyfi frá stjórn KKÍ.

REGLUGERÐ UM KJÖRNEFND

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en tuttugu og einum degi fyrir ársþing KKÍ og skal nefndin leggja fram tillögur til ársþings um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

REGLUGERÐ UM VEITINGU HEIÐURSMERKJA

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands veitir þeim mönnum heiðursviðurkenningar, sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi körfuknattleiksíþróttarinnar. Heiðursviðurkenningar eru þessar:

- a) Drengjalandslíðsmerkið
- b) Unglinglandslíðsmerkið
- c) Landslíðsmerkið
- d) Gullúr fyrir 100 landsleiki
- e) Sambandsmerkið
- f) Gullmerkið

g) Heiðurskross úr gulli

Við veitingu heiðursviðurkenninga ber að hafa eftirfarandi í huga:

Drengjalandsliðsmerkið:

Drengjalandsliðsmerkið skal sæma þá drengi, sem leika í íslenska drengjalandsliðinu í milliríkjaleikjum.

Unglingalandsliðsmerkið:

Unglingalandsliðsmerkið skal sæma þá unglinga, sem leika í íslenska unglingalandsliðinu í milliríkjaleikjum.

Landsliðsmerkið:

Landsliðsmerkið skal sæma þá leikmenn sem leika í íslenska landsliðinu í milliríkjaleikjum.

Gullúr fyrir 100 landsleiki:

Stjórn KKI skal veita þeim körfuknattleiksmönnum sem náð hafa að leika 100 landsleiki gullúr í viðurkenningarskyni.

Sambandsmerkið:

Sambandsmerkið veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu körfuknattleiksíþróttarinnar í áratug eða lengur. Merkið má sæma þá menn er leika gegn íslenska landsliðinu í milliríkjaleikjum og erlenda leiðtoga og fulltrúa í körfuknattleik.

Gullmerkið:

Gullmerkið veitist aðeins þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Körfuknattleikssambands Íslands skulu einir hafa rétt til að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

Heiðurskross úr gulli:

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KKI veitist aðeins undir sérstökum kringumstæðum þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni ómetanlegt gagn um árabíl. Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðursskjal.

Þessir aðilar hafa hlotið gullmerki KKI:

Bogi Þorsteinsson, Magnús Björnsson, Ingi Gunnarsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Einar Bollason, Kent Finanger, Einar Ólafsson, Þórir Þorgeirsson, Gunnsteinn Karlsson, Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Þorsteinsson, Kristinn Stefánsson, Guðrún Ólafsdóttir, Hörður Tulínus.

Þessir aðilar hafa hlotið heiðurskross KKI:

Bogi Þorsteinsson.

ÞINGSKJAL NR. 2

Breyting á 23. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Úrvalsdeild.

ÚRVALSDEILD

Úrvalsdeild skal skipuð 12 liðum sem leika í tveimur riðlum sem aukenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Fyrstu drög að niðurröðun leikja liggi fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Síðan eru riðlarnir sameinaðir og lið raðast í lokastöðu Úrvaldeildar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Það lið sem lendir í efsta sæti Úrvalsdeildar hlýtur titilinn Deildarmeistari og skal fá afhentan farandbikar, ásamt eignabikar.

Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli.

Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku átta liða. Þrjú efstu lið hvors riðils komast í úrslitakeppnina, ásamt þeim tveim liðum sem lenda í 7. og 8. sæti að lokinni riðlakeppni. Úrslitakeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

8 liða úrslitakeppni:

A1 leikur gegn B4 eða A5 eftir því hvort liðið er með betra vinningshlutfall

A2 leikur gegn B3

B1 leikur gegn A4 eða B5 eftir því hvort liðið er með betra vinningshlutfall

B2 leikur gegn A3

Þau fjögur lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum komast í fjögurra liða úrslit sem leikin skulu á eftirfarandi hátt.

Sigurvegari úr leik A1 - B4 (A1-A5) leikur gegn Sigurvegara B2 - A3
 Sigurvegari úr leik B1 - A4 (B1-B5) leikur gegn Sigurvegara A2 - B3

Þau lið sem fyrr sigra í þremur leikjum leika síðan til úrslita.

Það lið sem fyrr sigrar í fjórum leikjum í úrslitunum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik.

Um leikstaði í 8 liða úrslitum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli.

Um leikstaði í 4 liða úrslitum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1. 2. og ef með þarf 5 leik á heimavelli.

Um leikstaði í úrslitaleik úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1., 2., og ef með þarf 5. og 7. leik á heimavelli.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum 8 liða úrslitakeppninnar, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í fyrstu 4 leikjum undanúrslitakeppninnar, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til fimmta leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í fyrstu 6 leikjum úrslitanna, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til sjöunda leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 20% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 klst. fyrir leik.

Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð:

Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau sex lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni skulu dregin í riðla. Þau fjögur lið sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt, lið nr. 9 í Úrvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 10 fer í B riðil. Það lið sem vinnur 1. deildina fer í A riðil og það lið sem vinnur keppnina um hitt sætið í Úrvalsdeildinni fer í B riðil.

Stjórn KKÍ er heimilt að auðkenna riðlanna með öðrum heitum.

Greinargerð:

Breytingar þær sem lagðar eru til á keppni í úrvalsdeild koma fram eftir mikla umræðu innan hreyfingarinnar. Megin atriðið er að liðum í deildinni er fjölgað um tvö og með breytingum er verið að aðlaga reglugerðina að þeirri staðreynd. Vert er að benda á breytingu sem lögð er til á úrslitakeppninni.

F.h. Stjórnar KKÍ
Einar Bollason
Ólafur Rafnsson

ÞINGSKJAL NR. 3.

Verði tillagan samþykkt um breytingu á úrvalsdeildinni er lögð fram eftirfarandi tillaga um röðun félaga í riðla fyrir keppnistímabilið 1994-1995:

Í A - riðil fara Íslandsmeistararnir, liðin sem lentu í 5. sæti, 7. sæti og liðið sem var í 1. sæti 1. deildar.

Í B - riðil fer liðið sem lenti í öðru sæti, liðin sem lentu í 6. og 8. sæti og liðið sem lenti í 10 sæti.

Liðin sem töpuðu í úrslitakeppninni skulu dregin sitt í hvorn riðilinn.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar og liðið í næst efsta sæti 1. deildar skulu dregin í riðla.

Liðin sem dregin eru í riðla eru því ÍA, ÍBK, UMFS og ÍR.

F.h. stjórnar KKÍ
Einar Bollason
Ólafur Rafnsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 4.

Þingsályktunartillaga fyrir þing KKÍ haldið að Löngumýri í maí 1994.

Þing KKÍ ályktar að stefnt verði að því að eftirfarandi nái fram að ganga
Úrvaldsdeildin verði árið 1998 leikin í fjórum landslutaskiptum riðlum í tveim deildum.

Vesturlandsriðiill	Austurlandsriðiill
Höfuðborgarsvæðið	Reykjanesriðiill

Leikin verði fjórföld umferð innan riðils, tvöföld inn í hina riðlana. Samtals 36 leikir

Úrslitakeppni verði keppni 8 liða, þannig að fjögur stigahæstu lið hvorrar deildar leiki fyrst (lið 1 og 4, 2 og 3) uns annað liðið hefur unnið 3 leiki, en síðan myndu sigurlið þar leika á sama hátt 3-5 leiki. Sigurlið hvorrar deildar leiki síðan uns annað liðið hefur unnið 4 leiki.

Úrslitakeppni innan deildar (.þ.e.) 3-5 leikir fer þannig fram að fyrstu 2 leikirnir eru leiknir á heimavelli þess liðs sem fleiri stig hlaut í deildarkeppninni, Næstu 1-2 leikir á velli þess liðs sem færri stig hlaut og ef til oddaleiks kemur þá verði hann leikinn á heimavelli þess liðs sem fleiri stig hlaut í deildarkeppninni.

Úrslitakeppni milli deilda (.þ.e. 4-7 leikir) fer þannig fram að fyrstu 2 leikirnir eru háði á heimavelli þess liðs sem ofar lenti á stigatöflu deildarkeppninnar, og næstu 2 leikir á heimavelli þess sem neðar lenti. Ef fleiri leiki þarf verða þeir leiknir til skiptis á völlum liðsins þ.e. 5. og 7. leikurinn á heimavelli efra liðsins, en 6 leikurinn á velli þess neðra.

Tekjur af innkomu leikjanna renna ávallt óskiptar til heimaliðsins sem einnig ber allan kostnað af honum, s.s. vegna dómara, auglýsinga o.fl. Gestaliðið skal ávalt eiga rétt á að kaupa 20% af seldum miðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 stundum fyrir leik.

Þegar kerfið er fullkomnað 1998 fellur ekki lið úr deildinni, heldur verði það ákvörðun stjórnar KKÍ hvaða lið taka þátt í deildinni. Byggist sú ákvörðun á umsókn félaganna og vrði tekið tillit til m.a. frammistöðu og áhorfendafjölda s.l. tímabil. Íjrhagsstöðu/skuldastöðu og uppbyggingarstærð. Verði bæði unnt að ákveða beina skiptingu liða eða að þau leiki um sæti í deildinni. KKÍ verður jafnframt unnt að skipta landfræðilegum mörkum riðla fyrir hvert keppnistímabil, með það fyrir augum að saman færi ætíð keppni bestu liðanna samhliða uppbyggingu körfuknattleiks um allt land.

Framkvæmd fjölgunar:

1. Núverandi tillögur um fjölgun verði samþykktar.
2. 1996 verður liðum fjölgað um 2 til viðbótar (14 lið) á sama hátt og nú er gert. Tekið verði upp hið nýja deildarskipta fyrirkomulag, þannig að þrjú lið verði í Vesturlands og Austurlandsriðli, en fjögur lið í Reykjanes og Reykjavíkuriðli. Úrslitakeppnin verður á sama hátt og að ofan greinir.
3. 1998 verður liðum fjölgað um 2 til viðbótar (16 lið) er komi inn í Vesturlands og Austurlandsriðil.

Fyrsta deild karla:

1. Unnið verði að fjölgun liða í deildinni þannig að 1995 verði liðin í 1. deild 10.
2. 1996 verði liðum í 1. deild fjölgað í 12. Leikið verður í 2 riðlum fjórföld umferð innan riðlanna. Skipting liða í riðla fer eftir staðsetningu þeirra og er markmiðið að takmarka ferðakostnað. Haldin verður úrslitakeppni tveggja eístu liða í hvorum riðli.

A1 leikur gegn B2 B1 leikur gegn A2

Leika skal þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum

Sigurvegarar mætast í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild karla

Leika skal þar til annað félagið hefur sigrað í 2 leikjum

Sömu reglur skulu gilda um leikstaði og tekjuskiptingu og í úrvalsdeild.

1. deild kvenna:

Stefnt verði að því að 10 lið taki þátt í 1. deild kvenna árið 1996.

2. deild karla:

Unnið verði markvist að fjölgun liða í 2. deild karla.

2. deild kvenna.

Unnið verði markvist að fjölgun liða í 2. deild kvenna þannig að 1996 leiki 16 lið í 1. og 2. deild kvenna.

F.h. Stjórnar KKÍ

Einar Bollason

Ólafur Rafnsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 24).

ÞINGSKJAL NR. 5

Tillaga um viðbót við 31. grein reglugerðar um íslandsmót yngri flokka.

Inn í reglugerðina kemur:

Mótanefnd er heimilt að ákveða að keppni í 10., 9., 8., 7., og minnibolta karla, sem og stúlknaflokki, 8. flokki og minnibolta kvenna verði riðlaskipt eftir landshlutum. Mótanefnd tekur ákvörðum um hvort og hvernig riðlaskipting fer fram eftir fjölda þátttökuliða í viðkomandi flokkum.

Ákveði mótanefnd að riðlaskipta einhverjum flokkum setur hún nánari reglur um framkvæmd úrslitakeppni milli riðlanna um Íslandsmeistarautílinn.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur farið fram vegna kostnaðar sem félög verða fyrir vegna ferðalaga yngri flokka. Með þessari tillögu er gerð tilraun til að minnka ferðakostnað félaga

F.h. stjórnar KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 22)

ÞINGSKJAL NR. 6.

Breyting á 5. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Út falli síðasta setningin: Úrslitakeppni skal þó fara fram á löglegum völlum.

Greinargerð:

Nú þegar er leikin úrslitakeppni á völlum sem skv. ströngustu skilyrðum eru ekki löglegir. Það er ljóst að ekki verður í bráð unnt að framfylgja þessu ákvæði og því ekki eðlilegt að hafa það inn í reglugerðinni.

F.h. stjórnar KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 7

Breyting á 13. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Út falli öll undirstrikuð orð.

13. grein

Viðkomandi dómarafélag eða körfuknattleiksráð þar sem dómarafélag er ekki starfandi, skipar dómara og varamenn þeirra, tímaverði og ritara. Skal það gert með nægum fyrirvara og gildir það sama um mót og einstaka leiki (heimsóknir o.s.frv.). Velja skal óhlutdræga dómara og starfsmenn sem eru vanda sínum vaxnir hverju sinni. Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum. Skal framkvæmdaaðili sjá þesum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins. Dómarar skulu hafa lokið tilskyldu prófi, en veita má undanþágu, ef sérstaklega stendur á og skera viðkomandi yfirvöld úr því. Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá friar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði (sjá 26. grein). Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómeter. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKÍ. Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, að vera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna. Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild, 1. deild karla, 1. deild kvenna, lávarðadeild og unglingsflokk karla er tekinn inn í dómarakostnað og skiptist jafnt á lið viðkomandi deildar. Gjalddagar verði fjórir og sá síðasti strax að loknu móti til að leiðrétta vangreiddan eða ofgreiddan dómarakostnað.

Greinin verði því:

13. grein.

Viðkomandi dómarafélag eða körfuknattleiksráð þar sem dómarafélag er ekki starfandi, skipar dómara. Skal það gert með nægum fyrirvara og gildir það sama um mót og einstaka leiki (heimsóknir o.s.frv.). Velja skal óhlutdræga dómara. Heimilt er hvoru félagi að hafa einn mann við ritara- og tímaborð á leikjum. Skal framkvæmdaaðili sjá þesum mönnum fyrir aðstöðu og eru þeir starfsmenn leiksins.

Dómarar skulu hafa lokið tilskyldu prófi, en veita má undanþágu, ef sérstaklega stendur á og skera viðkomandi yfirvöld úr því. Dómari, sem fer til starfa út fyrir sitt heimahérað, skal fá friar ferðir, fæði og gistingu sem greiðist af ferðasjóði dómara eða heimaliði (sjá 26. grein). Ferðist dómari á eigin bifreið, skal honum greitt ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kílómeter. Gjaldið skal ákveða árlega af stjórn KKÍ. Verði dómari, vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, að vera burtu frá sínu heimahéraði á vinnudegi, skal hann eiga rétt á greiðslu. Greiðslan skal miðast við almenn daglaun verkamanna. Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild, 1. deild

karla, 1. deild kvenna og unglíngaflokkí karla er tekínn ínn í dómárárkostnað og skíptíst jafnt á líð víðkománde íeildáre. Gjalddágar verði fjórir.

Greínágerð:

Þáð hefur ekki tíðkast áð dómáranefnd eða fulltrúi hennáre setjí tímváreði og ritáre á leíkí. Þáð háre félög séð um. Því er ekki eðlílegt áð háre þáð ínní í reglugerð. Sáre á víð um vále á háfum starfsmónnum.

Dómurum er ekki lengur ráðáð á leíkí í Láváreðádeíld.

Gjalddágar háre veríð fjórir, íns og kémur fram ánnáre stáðáre í reglugerðínní. Þeír eru 1. sept. 1. nóv. 15. des. og 1. feb. Tímábílíð er hínsvegar fram í márs og því ekki eðlílegt áð háre þessa setníngu ínní.

F.h. stjórnáre KKÍ
Pétur Hráfn Sígurðsson

Sámpýkkt

ÞINGSKJAL NR. 8

Breyting á 20. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin hljóðar svo:

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómstóls, innan 48 klst. frá því að brotið var framið. Áfrýjunarfrestur til 2. dómstigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 300,00

Greinin verði

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómstóls, innan 72 klst. frá því að brotið var framið. Skulu sunnudagar vera undanskildir. Áfrýjunarfrestur til 2. dómstigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 6.000,-

Greinargerð:

Alltof oft hefur það komið fyrir að kærufrestur hefur verið of stuttur, sérstaklega á það við þegar kært er á rangan stað. Mörgum kærum hefur verið vísað frá þar sem þær hafa ekki borist tímalega. Enn fremur er oft erfitt að ná í viðkomandi formann dómstólsins. Því er lagt til að fresturinn verði hafður aðeins lengri. Áfrýjunargjald hefur ekki hækkað frá upphafi. Hækkun er lögð til til að koma í veg fyrir að verið sé að áfrýja vonlausum málum til dómstóls KKÍ.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 25)

ÞINGSKJAL NR. 9

Breyting á 22. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Út falli:

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í þrem deildum Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild.

Greinargerð:

EKKI er nauðsynlegt að tiltaka sérstaklega í reglugerð hversu margar deildir skulu vera í meistaraflokki karla.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 10

Breyting á 31. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Lagt er til Íslandsmótið geti hafist í september t.d. í sumum yngri flokkanna

Setningin:

Keppnin skal fara fram á tímabilinu október til apríl breytist þannig

Keppnin skal fara fram á tímabilinu september til apríl.

Greinargerð:

Hér er gefinn möguleiki á að hefja Íslandsmótið í september. Margar hugmyndir hafa verið uppi um að leika yngri flokka mótin þannig að tvær umferðir verði fyrir áramót og tvær eftir þannig að ekki þurfi að leika í janúar og byrjun febrúar þegar veðrið er með versta móti.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 11

Breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn

2. töluliður er þannig

Félög sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. Keppnisleyfið gildir út viðkomandi keppnistímabil.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

Töluliðurinn breytist og verði þannig:

2. Félag sem óska eftir leyfi fyrir erlenda leikmenn skulu senda umsókn þar að lútandi til stjórnar KKÍ. Með umsókninni skal framvísa leikheimild "letter of clearance" frá heimalandi viðkomandi leikmanns eða frá því landi sem hann lék í síðast, greiðsla til FIBA, svo og önnur þau gögn sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. Stjórn KKÍ er heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann þó ekki hafi borist staðfesting frá FIBA. Keppnisleyfi þetta skal vera til bráðabirgða og gilda í eina viku. Hafi ekki borist staðfesting frá FIBA innan þess tíma fellur keppnisleyfið úr gildi. Eftir að staðfesting berst frá FIBA skal keppnisleyfið gilda út viðkomandi keppnistímabil.

Fyrir keppnisleyfi skal félag greiða stjórn KKÍ ákveðna þóknun sem stjórn KKÍ ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Þóknun þessi er óendurkræf.

Greinargerð:

Oft hefur það brunnið við hjá félögum að leikheimild "letter of clearance" frá heimalandi viðkomandi leikmanns er að berast til KKÍ á leikdag eða á föstudagseftirmiðdegi. Þegar leikheimild berst loksins þá er oft, vegna tímamismunar, búið að loka skrifstofum FIBA og því ekki unnt að fá staðfestingu frá FIBA fyrr en eftir helgina. Slikt veldur félögum óþarfa leiðindum þar sem staðfestingin frá FIBA er undantekningarlítið formsatriði.

Brunnið hefur við hjá félögum að þau greiði ekki gjald það sem FIBA tekur fyrir leikheimildina og er 400 DM í dag. Hér er lagt til að leikheimild verði ekki veitt fyrr en greiðsla hefur farið fram og sparar það bæði félögum,

KKÍ og FIBA ómælda vinnu og leiðindi.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 12**Breyting á reglugerð fyrir mótanefnd****10. töluliður er þannig:**

Mótanefnd skal í samvinnu við dómarnefnd skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefi umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.

10. töluliður verði þannig:

Mótanefnd skal í samvinnu við dómarnefnd skipa eftirlitsmann á leiki í úrvalsdeild, leiki frá og með 8. liða úrslitum karla, bikarúrslitaleik kvenna og í úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna sem gefi umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.

Greinargerð

Þessi 10 töluliður hefur verið í reglugerðinni en aldrei verið farið eftir honum enda ekki vel framkvæmanlegt að skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ.

Margir hafa rætt það að það þurfi að hafa eftirlitsmann á leikjum í úrvalsdeildinni. Slíkt hefur kostnaðarauka í för með sér fyrir félögin í deildinni, þar sem ljóst er að félög þurfa að greiða eftirlitsdómurum. Tillagan er sett fram til að kanna vilja félaga fyrir því að skipaðir verði eftirlitsdómarar á leiki í úrvalsdeildinni. Eflaust verður ekki hægt að manna alla leiki í deildinni fyrsta árið, en fljótlega verður hægt að þjálfra menn í starfið.

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 26)

Ef tillagan er ekki samþykkt er lagt til eftirfarandi:

10. töluliður reglugerðar um mótanefnd verði felldur út þar sem ekki er farið eftir honum.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

ÞINGSKJAL NR. 13

Tillaga um breytingu á 7. tölulið reglugerðar fyrir dómarnefnd.

Inn í reglugerðina bætist (er undirstrikað)

7. Dómarnefnd skal, í samvinnu við mótanefnd skipa eftirlitsdómara á leiki í úrvalsdeild, alla leiki í úrslitakeppni svo og úrslitaleiki í bikarkeppni.....

Greinargerð:

Í reglugerð fyrir mótanefnd kemur fram að mótanefnd skuli skipa eftirlitsmenn í samvinnu við dómarnefnd. Þessi breyting er engöngu sett til að samræmi sé í reglugerðum fyrir nefndirnar.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 27)

ÞINGSKJAL NR. 14

Breyting á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða.

Lagt er til að annar töluliður falli út

2. Hæð auglýsingar má í mesta lagi vera 15 cm.

Greinargerð:

Ekkert er farið eftir þessu ákvæði enda ekki ástæða til og því lagt til að það verði fellt út.

F.h. stjórnar KKÍ
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 15

Tillaga um breytingu á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

Að fyrstu tvær málsgreinarnar hljóði svo:

Erlendum ríkisborgurum er óheimilt að leika með íslenskum félagsliðum í 1. aldursflokki karla. Í öllum öðrum keppnisflokkum skal einum erlendum leikmanni heimilt að leika með hverju félagsliði í hverjum leik hafi umsókn þess efnis borist til stjórnar KKÍ. Verða slíkir

1. greinin að öðru leiti óbreytt.

Greinargerð:

Erlendir leikmenn hafa leikið í úrvalsdeild undanfarin fimm keppnistímabili. Á hverju keppnistímabili hafa greiðslur eða önnur hlunnindi til þessara leikmanna hækkað. Leit félaganna að betri og betri leikmanni er komin út í öfgar. Stjórnarmenn félaganna sem afla þess fjár sem þarf til að greiða erlendu leikmönnum launin eru hvað eftir annað settir upp að vegg við ákvarðanatöku um ráðningu leikmannana. Kröfurnar hafa aukist og greiðslurnar þar með.

Tekjur félaganna munu dragast saman á næsta keppnistímabili. Fyrirtækin hafa skorið niður útgjöld vegna auglýsinga eða styrkja og almennur samdráttur í þjóðfélaginu mun enn frekar koma niður á aðgangseyri að leikjum. Það er ekki hægt að benda á það með óyggjandi hætti að erlendu leikmennirnir skili beint auknum tekjum til félaganna. Því er það ein öruggasta leiðin sem félögin geta farið við að skera niður útgjöld að banna erlenda leikmenn í úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild á komandi keppnistímabili.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Hauka

Ingvar Kristinsson

Visað frá.

ÞINGSKJAL NR. 16.

Tillaga um breytingu á 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin hljóðar svo:

Í I. deild kvenna skal mótanefnd KKI ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal haldin úrslitakeppni. Það félag sem sigrar í úrslitakeppni I. deildar kvenna hlýtur sæmdarheitið Íslandsmeistari.

Greinin hljóði svo:

Í I. deild kvenna skal mótanefnd KKI ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þáttökuliða og þá í samráði við þau. Að lokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratitil og fá farandbikar og eignarbikar. Haldin skal úrslitakeppni í I. deild kvenna. Það félag sem sigrar í úrslitakeppni I. deildar kvenna hlýtur sæmdarheitið Íslandsmeistari.

F.h. stjórnar KKI
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

Greinargerð

Inn í reglugerðina bætist að krýna skuli deildarmeistarara í I. deild kvenna og er hér um að ræða samræmingu á milli I. deildar kvenna og úrvalsdeildar.

ÞINGSKJAL NR. 17

Breytingatillaga við 9. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands.

Reikningsár KKI er frá 1. apríl til 31. mars.

Greinargerð:

Venjan er sú að halda þing KKI snemma í maí. Ástæður fyrir því eru að í maí er mikið að gerast í körfuknattleik á alþjóða vetvangi. Landsliðið leikur á þessum tíma og alþjóða körfuknattleikssambandið heldur ársing sitt í maí. Því hefur þing KKI venjulega verið haldið 1. helgina í maí. Það hefur því gefist litill tími til að fara yfir bókhald sambandsins og endurskoðendur sambandsins þurfa meiri tíma. Því hafa þeir lagt til að reikningsár KKI verði frá 1. apríl til 31. mars framvegis.

F.h. stjórnar KKI

Pétur Hrafn Sigurðsson

ÞINGSKJAL NR. 18.

Fjárhagsáætlun KKÍ 1994-1995.

Tekjur

1. Þátttökugjöld	kr. 3.500.000,-
2. Lotto/Útbreiðslustyrkur	kr. 5.000.000,-
3. Ýmsir samningar	kr. 6.000.000,-
4. Aðrar fjáraflanir	kr. 6.000.000,-
Samtals	kr. 20.500.000,-

Gjöld

1. Landsliðsmál	kr. 7.000.000,-
2. Kostnaður vegna mótahalds	kr. 1.000.000,-
3. Rekstur skrifstofu	kr. 5.000.000,-
4. Fræðslumál	kr. 5.500.000,-
5. Ýmis kostnaður	kr. 2.000.000,-
Samtals	kr. 20.500.000,-

Stjórn KKÍ

Samþykkt.

ÞINGSKJAL NR. 19

Breyting við 46. grein reglugerðar um bikarkeppni.

Málgreinin sem hefst svo: Þau lið sem taka þátt í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla og keppa um 6 lausu sætin skulu byrja á því að taka þátt í svæðisskiptri bikarkeppni. Svæðin skulu vera 4

Málgreinin verði á eftirfarandi hátt:

Þau lið sem taka þátt í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla og keppa um 4 lausu sætin skulu byrja á því að taka þátt í svæðisskiptri bikarkeppni.

Greinargerð:

Ef samþykkt verður að 12 lið skuli leika í úrvalsdeild, verða aðeins 4 laus sæti í 16 liða úrslitum bikarkeppninnar.

Lagt er til að felld verði út úr reglugerðinni hvernig nákvæmlega liðin komast áfram í bikarkeppninni. Mótanefnd verði falið að ákveða það hverju sinni.

F.h. stjórnar KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt.

ÞINGSKJAL NR. 20.

Breytingartillaga við 32. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Málgreinin sem hefst svo: Aldur leikmanna miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót, er honum heimilt að leika með unglingsflokki út tímabilið, en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert.

Við málgreinina bætist:

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

- a) **konur:**
- 1. aldursflokkur 19 ára og eldri
 - Unglingaflokkur 16, 17 og 18 ára
 - Stúlknaflokkur 14 og 15 ára
 - 8. flokkur kvenna 12 og 13 ára
 - Minnibolti 11 ára og yngri
- b) **karlar:**
- 1. aldursflokkur 21 árs og eldri
 - Unglingaflokkur 18, 19 og 20 ára
 - Drengjaflokkur 16 og 17 ára
 - 10. aldursflokkur 15 ára
 - 9. aldursflokkur 14 ára
 - 8. aldursflokkur 13 ára
 - 7. aldursflokkur 12 ára
 - Minnibolti 11 ára
 - Minnibolti 10 ára

F.h. stjórnar KKÍ

Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 21

Breytingartillaga við Þingskjal nr. 17, 9. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands.

Reikningsár KKÍ miðast við almannaksárið.

Kolbeinn Pálsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 22

Breytingartillaga við þingskjal nr. 5. varðandi 31. grein reglugerðar um Íslandsmót yngri flokka.

Inn í reglugerðina kemur:

Mótanefnd er heimilt að ákveða að Íslandsmót yngri flokka fari fram í tveimur deildkum. Keppni í 2. deild má vera landshlutaskipt.

Laga og leikreglnanefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 23

Breyting á 23. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Úrvalsdeild.

ÚRVALSDEILD

Úrvalsdeild skal skipuð 12 liðum sem leika í tveimur riðlum sem aukenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Fyrstu drög að niðurröðun leikja liggi fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Síðan eru riðlarnir sameinaðir og lið raðast í lokastöðu Úrvaldeildar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Það lið sem lendir í efsta sæti Úrvalsdeildar hlýtur titilinn Deildarmeistari og skal fá afhentan farandbikar, ásamt eignabikar.

Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum tekur sæti í úrvalsdeild. Það lið sem leikur í úrvalsdeild leikur fyrsta og ef með þarf þriðja leik á heimavelli.

Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku átta liða. Þrjú efstu lið hvors riðils komast í úrslitakeppnina, ásamt þeim tveim liðum sem lenda í 7. og 8. sæti að lokinni riðlakeppni. Úrslitakeppnin fer fram á eftirfarandi hátt:

8 liða úrslitakeppni:

A1 leikur gegn B4 eða A5 eftir því hvort liðið er með betra vinningshlutfall

A2 leikur gegn B3

B1 leikur gegn A4 eða B5 eftir því hvort liðið er með betra vinningshlutfall

B2 leikur gegn A3

Þau fjögur lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum komast í fjögurra liða úrslit sem leikin skulu á eftirfarandi hátt.

Sigurvegari úr leik A1 - B4 (A1-A5) leikur gegn Sigurvegara B2 - A3
Sigurvegari úr leik B1 - A4 (B1-B5)leikur gegn Sigurvegara A2 - B3

Þau lið sem fyrr sigra í þremur leikjum leika síðan til úrslita.

Það lið sem fyrr sigrar í fjórum leikjum í úrslitunum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik.

Um leikstaði í 8 liða úrslitum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli.

Um leikstaði í 4 liða úrslitum úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1., 3. og ef með þarf 5 leik á heimavelli.

Um leikstaði í úrslitaleik úrslitakeppninnar gilda þær reglur að það lið sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni fær 1., 3., og ef með þarf 5. og 7. leik á heimavelli.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum 8 liða úrslitakeppninnar, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í fyrstu 4 leikjum undanúrslitakeppninnar, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til fimmta leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Um tekjuskiptingu í fyrstu 6 leikjum úrslitanna, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til sjöunda leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 klst. fyrir leik.

Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð:

Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau fjögur lið sem falla út í 8 liða úrslitum skulu dregin í riðla. Þau tvö lið sem falla út í 4 liða úrslitum skulu dregin sitt í hvorn riðilinn. Lið nr. 9 í Úrvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 10 fer í B riðil. Það lið sem vinnur 1. deildina fer í A riðil og það lið sem vinnur keppnina um hitt sætið í Úrvalsdeildinni fer í B riðil.

Stjórn KKÍ er heimilt að auðkenna riðlanna með öðrum heitum.

Greinargerð:

Breytingar þær sem lagðar eru til á keppni í úrvalsdeild koma fram eftir mikla umræðu

innan hreyfingarinnar. Megin atriðið er að liðum í deildinni er fjölgað um tvö og með breytingum er verið að aðlaga reglugerðina að þeirri staðreynd. Vert er að benda á breytingu sem lögð er til á úrslitakeppninni.

F.h. Stjórnar KKI
Einar Bollason
Ólafur Rafnsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 24.

Breytingatillaga við breytingatillögu allsherjarnefndar varðandi leikjafjölda í úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Það lið sem fyrr sigrar í fjórum leikjum í úrslitaleiknum um Íslandsmeistaratitilinn telst Íslandsmeistari.

Ólafur Rafnsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 25.

Þingsályktunartillaga fyrir þing KKI haldið að Löngumýri í maí 1994.

Þing KKI ályktar að stefnt verði að því að eftirfarandi nái fram að ganga
Úrvalsddeildin verði árið 1998 leikin í fjórum landshlutaskiptum riðlum í tveim deildum.

Vesturlandsriðill
Höfuðborgarsvæðið

Austurlandsriðill
Reykjanesriðill

Leikin verði fjórföld umferð innan riðils, tvöföld inn í hina riðlana. Samtals 36 leikir

Úrslitakeppni verði keppni 8 liða, þannig að fjögur stigahæstu lið hvorrar deildar leiki fyrst (lið 1 og 4, 2 og 3) uns annað liðið hefur unnið 3 leiki, en síðan myndu sigurlið þar leika á sama hátt 3-5 leiki. Sigurlið hvorrar deildar leiki síðan uns annað liðið hefur unnið 4 leiki.

Úrslitakeppni innan deildar (þ.e.) 3-5 leikir fer þannig fram að fyrstu 2 leikirnir eru leiknir á heimavelli þess liðs sem fleiri stig hlaut í deildarkeppninni, Næstu 1-2 leikir á velli þess liðs sem færri stig hlaut og ef til oddaleiks kemur þá verði hann leikinn á heimavelli þess liðs sem fleiri stig hlaut í deildarkeppninni.

Úrslitakeppni milli deilda (þ.e. 4-7 leikir) fer þannig fram að fyrstu 2 leikirnir eru háði á

heimavelli þess liðs sem ofar lenti á stigatöflu deildarkeppninnar, og næstu 2 leikir á heimavelli þess sem neðar lenti. Ef fleiri leiki þarf verða þeir leiknir til skiptis á völlum liðsins þ.e. 5. og 7. leikurinn á heimavelli efra liðsins, en 6 leikurinn á velli þess neðra.

Tekjur af innkomu leikjanna renna ávallt óskiptar til heimaliðsins sem einnig ber allan kostnað af honum, s.s. vegna dómara, auglýsinga o.fl. Gestaliðið skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum miðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 stundum fyrir leik.

Þegar kerfið er fullkomnað 1998 fellur ekki lið úr deildinni, heldur verði það ákvörðun stjórnar KKÍ hvaða lið taka þátt í deildinni. Byggist sú ákvörðun á umsókn félaganna og vrði tekið tillit til m.a. frammistöðu og áhorfendafjölda s.l. tímabil, fjárhagsstöðu/skuldestöðu og uppbyggingarstarfi. Veði bæði unnt að ákveða beina skiptingu liða eða að þau leiki um sæti í deildinni. KKÍ verður jafnframt unnt að skipta landfræðilegum mörkum riðla fyrir hvert keppnistímabil, með það fyrir augum að saman færi ætíð keppni bestu liðanna samhliða uppbyggingu körfuknattleiks um allt land.

Framkvæmd fjölgunar:

1. Núverandi tillögur um fjölgun verði samþykktar.
2. 1996 verður liðum fjölgað um 2 til viðbótar (14 lið) á sama hátt og nú er gert. Tekið verði upp hið nýja deildarskipta fyrirkomulag, þannig að þrjú lið verði í Vesturlands og Austurlandsriðli, en fjögur lið í Reykjanes og Reykjavíkurríðli. Úrslitakeppnin verður á sama hátt og að ofan greinir.
3. 1998 verður liðum fjölgað um 2 til viðbótar (16 lið) er komi inn í Vesturlands og Austurlandsriðil.

Fyrsta deild karla:

1. Unnið verði að fjölgun liða í deildinni þannig að 1995 verði liðin í 1. deild 10.
2. 1996 verði liðum í 1. deild fjölgað í 12. Leikið verður í 2 riðlum fjórföld umferð innan riðlanna. Skipting liða í riðla fer eftir staðsetningu þeirra og er markmiðið að takmarka ferðakostnað. Haldin verður úrslitakeppni tveggja efstu liða í hvorum riðli.

A1 leikur gegn B2

B1 leikur gegn A2

Leika skal þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum

Sigurvegarar mætast í úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild karla

Leika skal þar til annað félagið hefur sigrað í 2 leikjum

Sömu reglur skulu gilda um leikstaði og tekjuskiptingu og í úrvalsdeild.

1. deild kvenna:

Stefnt verði að því að 10 lið taki þátt í 1. deild kvenna árið 1996.

2. deild karla:

Unnið verði markvist að fjölgun liða í 2. deild karla.

2. deild kvenna.

Unnið verði markvist að fjölgun liða í 2. deild kvenna þannig að 1996 leiki 16 lið í 1. og 2. deild kvenna.

F.h. Stjórnar KKÍ

Einar Bollason

Ólafur Rafnsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 26

Breyting á 20. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Greinin hljóðar svo:

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómstóls, innan 48 klst. frá því að brotið var framið. Áfrýjunarfrestur til 2. dómstigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 300,00

Greinin verði

Kærum út af brotum á reglugerð þessari skal skilað til formanns viðkomandi dómstóls, innan 72 klst. frá því að brotið var framið. Skulu sunnudagar vera undanskildir . Áfrýjunarfrestur til 2. dómstigs skal vera 7 dagar frá birtingu dóms. Áfrýjunargjald skal vera kr. 3.000,-

Greinargerð:

Alltof oft hefur það komið fyrir að kærufrestur hefur verið of stuttur, sérstaklega á það við þegar kært er á rangan stað. Mörgum kærum hefur verið vísað frá þar sem þær hafa ekki borist tímalega. Enn fremur er oft erfitt að ná í viðkomandi formann dómstólsins. Því er lagt til að fresturinn verði hafður aðeins lengri. Áfrýjunargjald hefur ekki hækkað frá upphafi. Hækkun er lögð til til að koma í veg fyrir að verið sé að áfrýja vonlausum málum til dómstóls KKI.

F.h. stjórnar KKI
Pétur Hrafn Sigurðsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 27

Breyting á þingskjali nr. 12. Reglugerð fyrir mótanefnd.

10. töluliður verði þannig:

Mótanefnd hefur heimild til í samvinnu við dómaranefnd skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKI sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu. Þá skal ævinlega skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppni og úrslitaleik bikarkeppni.

Allsherjarnefnd

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 28

Breyting á reglugerð fyrir dómaranefnd. Breytingatillaga við þingskjal nr. 13.

Mótanefnd hefur heimild til í samvinnu við dómaranefnd skipa eftirlitsmann á alla leiki á vegum KKÍ sem gefur umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu. Þá skal ævinlega skipa eftirlitsmann á alla leiki í úrslitakeppni og úrslitaleik bikarkeppni.

Allsherjarnefnd

Samþykkt

